158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 316 — 283. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum á sviði orkumála (EES-reglur).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

I. KAFLI
Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003.

1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð:

1. *Afmarkað athafnasvæði:* Fasteign, lóð, bygging eða annað afmarkað starfssvæði þar sem framleiðsla, geymsla og notkun raforku fer fram undir yfirráðum eins eða fleiri notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, án þess að raforkan sé flutt um almennt dreifi- eða flutningskerfi.
2. *Jafningjaviðskipti:* Sala á endurnýjanlegri orku milli markaðsaðila á grundvelli samnings með fyrirframákveðnum skilyrðum um sjálfvirka framkvæmd og uppgjör, annaðhvort beint eða með milligöngu þriðja aðila, svo sem orkusafnara.
3. *Orkusafnari:* Aðili sem sameinar álag eða raforkuvinnslu fleiri en eins markaðsaðila í eina einingu til kaups, sölu eða uppboðs á raforkumarkaði eða til afhendingar kerfisþjónustu, óháð því hvort viðkomandi er jafnframt sölufyrirtæki þeirra sem í hlut eiga.
4. *Orkusamfélag:* Félag um eignarhald og þróun á orkuvinnslu sem byggist á opinni og frjálsri aðild einstaklinga, lítilla eða meðalstórra fyrirtækja eða sveitarfélaga og lýtur raunverulegum yfirráðum félagsmanna eða hluthafa sem eru staðsettir í nálægð við orkuvinnsluna. Megintilgangur orkusamfélags er að veita umhverfislegan, efnahagslegan eða félagslegan ávinning fyrir aðila eða nærsamfélag fremur en fjárhagslegan hagnað.

2. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul.“ í 1. og 2. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. a laganna kemur: 8. tölul.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Dreifiveitur skulu vinna með orkusamfélögum til að greiða fyrir mælingu, gagnaskiptum, deilingu, úthlutun og uppgjöri raforku sem framleidd er af framleiðslueiningum í eigu orkusamfélags og deilt er meðal félagsmanna eða hluthafa þess. Samstarfið breytir ekki lögbundnu hlutverki eða ábyrgð dreifiveitna á rekstri og kerfisstjórnun dreifikerfis, mælingum, öryggi, afkastagetu eða gæðum raforku.

Framleiðslueining eða samanlagðar framleiðslueiningar notenda skv. 18. gr. d með rafafl 10,8 kW eða minna skulu tengdar dreifikerfi á grundvelli einfaldrar tilkynningar.

Dreifiveita getur innan eins mánaðar frá móttöku fullnægjandi tilkynningar hafnað tengingu eða lagt til annan tengipunkt, enda byggist ákvörðunin á rökstuddum öryggissjónarmiðum eða tæknilegu ósamræmi kerfishluta.

b. 8. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal, að fenginni umsögn Raforkueftirlitsins, setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið. Einnig skal mæla fyrir um starfsumgjörð notenda skv. 18. gr. d og orkusamfélaga, þar á meðal einfalt tilkynningarferli vegna nettengingar minni framleiðslueininga, fyrirkomulag mælinga og undanþágur frá þeim, deilingu og úthlutun raforku til félagsmanna orkusamfélags, nauðsynlega upplýsingamiðlun og uppgjör. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að einfaldað tilkynningarferli taki til framleiðslueininga allt að 50 kW, enda sé sýnt fram á að áreiðanleika og öryggi dreifikerfis sé viðhaldið.

4. gr.

Við 17. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gjaldskrár dreifiveitna skulu sérstaklega taka mið af notendum skv. 18. gr. d og orkusamfélögum. Dreifiveitur skulu ekki hindra rétt þeirra til að framleiða, nota, geyma eða selja eigin raforku. Dreifiveitum er óheimilt að leggja gjald á eigin framleidda raforku notanda skv. 18. gr. d sem verður eftir innan athafnasvæðis hans eða láta raforku sem geymd er í raforkugeymslu samhliða eigin vinnslu og verður þar eftir sæta tvöfaldri gjaldtöku.

5. gr.

Við 18. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til raforkuviðskipta þegar um er að ræða sölu notenda skv. 18. gr. d á umframorku, jafningjaviðskipti milli slíkra aðila eða raforkuviðskipti innan orkusamfélaga.

Undanþága skv. 3. mgr. tekur jafnframt til starfsemi orkusafnara þegar hann starfar í umboði eða fyrir hönd notenda skv. 18. gr. d eða orkusamfélaga og takmarkar starfsemi sína við að skipuleggja eða aðstoða við staðbundna orkudeilingu, mælingar, uppgjör og stýringu notkunar á afhendingarstað.

6. gr.

Í stað tilvísunarinnar „26. tölul.“ í 1. málsl. 18. gr. b laganna kemur: 31. tölul.

7. gr.

Á eftir 18. gr. b laganna koma þrjár nýjar greinar, 18. gr. c –18. gr. e, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (18. gr. c.)

Orkusamfélög.

Orkusamfélagi er heimilt að framleiða, nota, geyma og selja raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, auk þess að deila raforku sem framleidd er af framleiðslueiningum í eigu félagsins meðal félagsmanna sinna. Aðild að orkusamfélagi skal byggjast á opinni og frjálsri þátttöku. Þátttaka lögaðila í orkusamfélagi er heimil enda sé þátttakan ekki helsta viðskipta- eða atvinnustarfsemi hlutaðeigandi.

Þátttaka í orkusamfélagi hefur ekki áhrif á réttindi eða skyldur félagsmanns eða hluthafa sem notanda, þar á meðal rétt hans til að velja eða skipta um sölufyrirtæki.

Raunveruleg yfirráð orkusamfélags skulu vera í höndum félagsmanna eða hluthafa sem eru staðsettir innan sama dreifisvæðis eða spennustigs og orkuvinnslan. Heimilt er í reglugerð að mæla fyrir um rýmri landfræðilega afmörkun orkusamfélaga í dreifbýli.

b. (18. gr. d.)

Notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir.

Notanda er heimilt að framleiða raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum innan afmarkaðs athafnasvæðis síns til eigin nota, geyma hana og selja umframraforku, þar á meðal með jafningjaviðskiptum. Hjá notanda sem nýtir raforkuna til annars en heimilisrekstrar skal starfsemi þessi ekki vera meginviðskipta- eða atvinnustarfsemi hans. Starfsemin hefur ekki áhrif á önnur réttindi eða skyldur notanda samkvæmt þessum lögum.

Notanda skv. 1. mgr. er heimilt að starfa í samlagi, svo sem innan sama fjölbýlishúss eða afmarkaðs athafnasvæðis. Framleiðslu- og geymslubúnaður notanda skv. 1. mgr. má vera í eigu eða undir stjórn þriðja aðila, enda lúti hann fyrirmælum notandans. Þriðji aðilinn öðlast ekki réttindi samkvæmt þessari grein af þeirri ástæðu einni og skal fullnægja skyldum sem gilda um eigin starfsemi hans.

c. (18. gr. e.)

Jafningjaviðskipti með endurnýjanlega raforku.

Jafningjaviðskipti með endurnýjanlega raforku eru heimil á milli notenda skv. 18. gr. d, orkusamfélaga og annarra aðila á raforkumarkaði. Viðskiptin geta farið fram beint eða óbeint með milligöngu þriðja aðila. Þátttaka í jafningjaviðskiptum hefur ekki áhrif á réttindi eða notanda samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, þar á meðal rétt til að velja eða skipta um sölufyrirtæki.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 31. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „0,9 aurum“ í 1. tölul. kemur: 0,95 aurum.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2,26 aurum“ í 2. tölul. kemur: 2,4 aurum.

9. gr.

Við 34. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Að ósk umsækjanda skal umsókn um virkjunarleyfi skv. 4. gr. jafnframt fela í sér, eftir því sem við á, beiðni um nýtingarleyfi samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og heimild til breytingar á vatnshloti samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Séu skilyrði uppfyllt skal Umhverfis- og orkustofnun gefa út eitt leyfi, sbr. 6. gr. a laga um Umhverfis- og orkustofnun, nr. 110/2024.

Umhverfis- og orkustofnun skal innan 30 daga frá móttöku umsóknar um virkjunarleyfi skv. 4. gr. staðfesta hvort umsókn telst fullnægjandi til efnislegrar meðferðar eða tilkynna umsækjanda skriflega hvaða gögn eða upplýsingar skortir. Frá staðfestingu móttöku fullnægjandi umsóknar skal málsmeðferð lokið með útgáfu leyfis eða synjun eigi síðar en innan 18 mánaða. Varði umsókn raforkuver með uppsettu rafafli undir 150 kW eða endurnýjun, endurbætur, breytingu eða aflaukningu raforkuvers sem nýtir endurnýjanlega orkulind skal málsmeðferð þó lokið eigi síðar en innan eins árs frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

10. gr.

Á eftir 45. gr. laganna kemur ný grein, 45. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á eftirfarandi gerðum:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/89/EB frá 18. janúar 2006 um ráðstafanir til að tryggja afhendingaröryggi raforku og fjárfestingu í grunnvirkjum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2007 frá 8. júní 2007.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu tilskipunar 2003/54/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (endurútgefin), að því er varðar raforkumarkaðinn eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025.

II. KAFLI
Breyting á lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008.

11. gr.

Á eftir orðinu „raforku“ í 1. gr. laganna kemur: vetni, hitun og kælingu.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „jarðvarmaorka“ í 1. tölul. kemur: umhverfisorka.
b. 4. tölul. orðast svo: *Upprunaábyrgð:* Rafrænt skjal sem notað er til að sanna fyrir kaupanda að tiltekið hlutfall eða magn orku hafi verið framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum.
c. Við bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi, í viðeigandi stafrófsröð:
   1. *Endurnýjanlegt gas*: Loftkennt eldsneyti framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. endurnýjanlegt vetni, lífgas og lífmetan.
   2. *Samsetning afgangsorku:* Árleg heildarorkusamsetning hér á landi að undanskilinni þeirri hlutdeild sem fellur undir afskráðar upprunaábyrgðir.
   3. *Umhverfisorka:* Náttúruleg varmaorka og orka sem safnast saman í umhverfinu á afmörkuðu svæði, sem hægt er að geyma í andrúmslofti, þó ekki í útblásturslofti, eða í yfirborðs- eða skólpvatni.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „raforku“ í 1. mgr. kemur: orku.
b. Í stað orðsins „raforka“ í 2. mgr. kemur: orka.
c. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Aðeins er heimilt að synja um viðurkenningu upprunaábyrgðar ef rökstuddur vafi leikur á um nákvæmni hennar, áreiðanleika eða sannleiksgildi.
d. Í stað orðsins „*raforku*“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: *orku*.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „raforku“ tvívegis í 1. málsl. 1. mgr. kemur: orku.
b. Í stað orðanna „er heimilt að gefa út skriflega eða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: skal gefa út.
c. Í stað orðanna „2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
d. Í stað orðsins „raforku“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: orku.
e. Við 3. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Tryggja skal að sama orkueining frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé aðeins talin einu sinni við upplýsingagjöf um uppruna orku. Þegar raforka er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í samvinnslu með góða orkunýtni skal gefa út eina upprunaábyrgð sem tilgreinir hvort tveggja. Við upplýsingagjöf um uppruna seldrar orku skulu söluaðilar nota upprunaábyrgðir fyrir sömu tegund orku og upplýsingagjöfin varðar. Við veitingu opinbers stuðnings til framleiðslu orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal sá sem veitir stuðninginn tryggja að tekið sé með viðeigandi hætti tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgða vegna sömu orkuframleiðslu við ákvörðun um stuðning.
f. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Upprunaábyrgðir skulu gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Upprunaábyrgðir sem ekki hafa verið afskráðar falla úr gildi eigi síðar en 18 mánuðum frá framleiðslu orkueiningarinnar. Söluaðilar orku sem nota upprunaábyrgðir við upplýsingagjöf um uppruna seldrar orku skulu sjá til þess að þær séu afskráðar eigi síðar en sex mánuðum eftir lok gildistíma þeirra.

   Landsnet hf. skal tryggja að útgáfa, framsal og afskráning upprunaábyrgða uppfylli kröfur sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um rafræna framkvæmd þessara aðgerða, nákvæmni og áreiðanleika upprunaábyrgða, varnir gegn svikum og samræmi við staðla um upprunaábyrgðir. Jafnframt skal í reglugerð mæla fyrir um meðferð upprunaábyrgða sem fallið hafa úr gildi við útreikning á samsetningu afgangsorku og hvernig taka skuli tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgða við veitingu opinbers stuðnings.

15. gr.

Í stað orðsins „raforku“ í 1. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: orku.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Upplýsingar um viðkomandi framleiðslueiningu, þ.m.t. auðkenni, staðsetningu, gerð, framleiðslugetu og dagsetningu þegar framleiðslueining hóf starfrækslu.
b. 2. tölul. orðast svo: Með hvaða orkugjafa orkan var framleidd og upphafs- og lokadagsetningu framleiðslu hennar.
c. Í stað orðsins „raforku“ í 3. tölul. kemur: orku.
d. Í stað orðsins „orkuveri“ í 3. tölul. kemur: framleiðslueiningu.
e. 4. tölul. orðast svo: Hvort upprunaábyrgðin varði raforku, gas, þ.m.t. vetni, eða orku til hitunar eða kælingar.

f. 5. tölul. orðast svo: Upplýsingar um útgefanda upprunaábyrgðar, útgáfuland, dagsetningu og sérstakt auðkennisnúmer.
g. Í stað orðsins „raforkan“ tvívegis í 7. tölul. kemur: orkan.
h. Í stað orðsins „raforku“ í 8. tölul. kemur: orku.
i. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hvort framleiðslueining hafi fengið fjárfestingarstuðning og hvort orkueining hafi notið stuðnings með öðrum hætti frá innlendu stuðningskerfi og hvers konar stuðningskerfi um ræðir.
j. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum frá framleiðslueiningum sem eru minni en 50 kW.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „raforku“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: orku.
b. Í stað orðanna „2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: (ESB) 2018/2001.
c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Upprunaábyrgðir frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu ekki viðurkenndar nema þegar Evrópusambandið hefur gert samning við það ríki um gagnkvæma viðurkenningu á upprunaábyrgðum sem gefnar eru út innan Evrópusambandsins og samrýmanlegt kerfi upprunaábyrgða hefur verið komið á í því ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, og þegar EFTA-ríkin hafa gert samning sem er jafngildur í meginatriðum við það ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, og aðeins þegar um beinan innflutning eða útflutning orku er að ræða.
d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Landsnet hf. skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um synjun á viðurkenningu upprunaábyrgðar frá öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og gera grein fyrir rökstuðningi hennar.

18. gr.

Í stað orðsins „raforku“ í 1. málsl. 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: orku.

19. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um útgáfu og framsal upprunaábyrgða, skráningu og afskráningu upprunaábyrgða, upplýsingaskyldu, eftirlit og viðurlög.

20. gr.

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:
1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og niðurfellingu tilskipana 2001/77/EB og 2003/30/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 19. desember 2011.

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

21. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um upprunaábyrgð á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.**

III. KAFLI

Breyting á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013.

22. gr.

1. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegs eldsneytis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Lög þessi gilda um eldsneyti og orku sem notuð eru til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Lög þessi gilda jafnframt um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gögn og upplýsingar, rekjanleika, vottun, skráningu og eftirlit vegna eldsneytis sem fellur undir lögin eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: *Lífeldsneyti:* Fljótandi eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa.
b. 4. tölul. orðast svo: *Lífmassi:* Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og leifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði, þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu, frá skógrækt og tengdum atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta úrgangs, m.a. iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs af líffræðilegum uppruna.
c. Eftirfarandi orðskýringar bætast við í viðeigandi stafrófsröð:
    1. *Eldsneytisbirgir:* Aðili sem flytur inn eða framleiðir hér á landi eldsneyti og afhendir það á markað.
    2. *Fljótandi lífeldsneyti:* Fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum, m.a. til raforkuframleiðslu, hitunar og kælingar.
    3. *Gagnagrunnur*: Gagnagrunnur Evrópusambandsins sem notaður er til að tryggja rekjanleika, gagnsæi, skráningu og varnir gegn tvítalningu vegna eldsneytis sem fellur undir EES-reglur um slíkan gagnagrunn.
    4. *Lífgas*: Loftkennt eldsneyti framleitt úr lífmassa.
    5. *Lífmassaeldsneyti*: Loftkennt eldsneyti og eldsneyti á föstu formi, framleitt úr lífmassa.
    6. *Massajöfnunarkerfi*: Kerfi sem gerir kleift að blanda saman sendingum hráefna eða eldsneytis með mismunandi einkenni að því er varðar sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, enda fylgi upplýsingar um einkenni og magn sendinga blöndunni, tryggt sé að samansafn einkenna og magn þess sem tekið er úr blöndunni samsvari því sem bætt hefur verið í hana innan tiltekins tímabils og að sama sending sé ekki talin oftar en einu sinni.

7. *Rekstraraðili*: Aðili sem í atvinnuskyni framleiðir hráefni, safnar úrgangi eða leifum, vinnur hráefni í milliafurð eða eldsneyti eða annast blöndun eða geymslu hráefnis, milliafurðar eða eldsneytis og ber ábyrgð á upplýsingum um sjálfbærni, uppruna, rekjanleika eða samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Hugtakið tekur jafnframt til annars aðila sem hefur hráefni, milliafurð eða eldsneyti í vörslum sínum og ber ábyrgð á vinnslu eða miðlun slíkra upplýsinga.

d. 7.–9. tölul. falla brott.

e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Orðskýringar.*

24. gr.

3. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum.

Hver eldsneytisbirgir skal tryggja að hlutdeild endurnýjanlegrar orku vegna eldsneytis og, eftir því sem við á, raforku sem hann afhendir á markað til notkunar í samgöngum nemi a.m.k. 5% á almanaksári. Hlutdeildin skal reiknuð samkvæmt reglum settum á grundvelli þessarar greinar.

Aðeins orku úr eldsneyti sem uppfyllir skilyrði 4. gr. má telja til endurnýjanlegrar orku við útreikning samkvæmt þessari grein.

Eldsneyti sem eldsneytisbirgir framselur öðrum eldsneytisbirgi er talið af viðtakanda en ekki framseljanda. Skylda samkvæmt þessari grein tekur ekki til eldsneytis sem flutt er úr landi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um stigvaxandi hækkun lágmarkshlutdeildar skv. 1. mgr. í samræmi við þær kröfur um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum sem leiðir af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Ráðherra skal jafnframt í reglugerð kveða á um lágmarksframlag lífeldsneytis og lífgass sem framleitt er úr hráefni sem talið er upp í A-hluta IX. viðauka við tilskipunina, í samræmi við kröfur hennar.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um útreikning hlutdeildar samkvæmt þessari grein í samræmi við EES-reglur, þar á meðal um teljara og nefnara við útreikning, hvaða eldsneyti og orka skulu talin með, hámarkshlutdeild eldsneytis sem framleitt er úr matvæla- og fóðurjurtum, takmarkanir vegna mikillar áhættu á óbeinum breytingum á landnotkun, endurunnið kolefniseldsneyti, margföldunarstuðla, meðferð raforku, þ.m.t. raforku sem afhent er til samgangna af öðrum aðilum en eldsneytisbirgjum, meðferð eldsneytis sem afhent er til flugs og siglinga og viðmiðunargildi orkuinnihalds.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að undanþiggja eða gera mismunandi kröfur til tiltekinna eldsneytisbirgja eða orkugjafa að því marki sem EES-reglur heimila, enda sé tryggt að lögbundnum lágmarkshlutdeildum verði náð.

25. gr.

4. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Sjálfbærniviðmið, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleiki.

Rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skulu, eftir því sem við á, sýna fram á að eldsneyti sem fellur undir lög þessi uppfylli viðeigandi skilyrði um endurnýjanlegan uppruna, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleika þegar þess er krafist vegna útreiknings á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða til að staðfesta að skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra séu uppfylltar.

Orku úr lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti má aðeins telja með við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða nota til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra ef sýnt er fram á að viðeigandi sjálfbærniviðmið og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt.

Sýna má fram á að skilyrði samkvæmt þessari grein séu uppfyllt með gögnum frá viðurkenndu vottunarkerfi, gögnum úr massajöfnunarkerfi, sönnunargögnum frá landsbundnu kerfi eða öðrum gögnum sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, massajöfnun, gögn og upplýsingar, vottun, sannprófun, útreikning losunar gróðurhúsalofttegunda, hráefni, framleiðsluferli, rekjanleika og önnur atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd EES-reglna um sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytis sem fellur undir lög þessi.

26. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skráningarskylda í gagnagrunn.

Rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skulu, eftir því sem við á, skrá í gagnagrunn upplýsingar um viðskipti og sjálfbærnieinkenni fljótandi og loftkennds endurnýjanlegs eldsneytis og endurunnins kolefniseldsneytis sem tekið er tillit til við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða notað til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Skráningarskyldan tekur til viðeigandi eldsneytis óháð því hvort það er notað í samgöngum eða öðrum atvinnugreinum. Eldsneytisbirgjar skulu jafnframt skrá í gagnagrunninn þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að farið sé að skyldum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Ábyrgð hvers rekstraraðila og eldsneytisbirgis á skráningu og réttmæti upplýsinga tekur til þeirra upplýsinga sem varða hans eigin starfsemi eða atvik sem eru á hans forræði, svo og þeirra upplýsinga sem honum er sérstaklega skylt að skrá, afla eða sannreyna samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Þegar upplýsingar byggjast á gögnum sem annar aðili í virðiskeðjunni hefur veitt ber sá sem skráir þær ábyrgð á að sannreyna þær og leiðrétta eftir því sem honum er skylt samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Hann ber ekki ábyrgð á efnislegu réttmæti upplýsinganna umfram þær skyldur.

Skráning skv. 1. mgr. skal, eftir því sem við á, taka til upplýsinga um uppruna hráefna, magn, eiginleika, framleiðsluferli, sjálfbærniviðmið, losun gróðurhúsalofttegunda, vottun, sannprófun og afhendingu á markað.

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með því að skyldum samkvæmt þessari grein sé fylgt. Stofnuninni er heimilt að krefja rekstraraðila og eldsneytisbirgja um þær upplýsingar, gögn, leiðréttingar og skýringar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins, þar á meðal til að sannreyna að skráningar séu réttar og fullnægjandi, að kröfum um rekjanleika og sjálfbærni sé fullnægt og að sama magn eldsneytis sé ekki talið oftar en einu sinni.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og framkvæmd skráningar samkvæmt þessari grein, þar á meðal um hvaða rekstraraðilar og eldsneytisflokkar falla undir skráningarskyldu, hvaða upplýsingar, viðskipti og birgðahreyfingar skuli skrá, ábyrgð og verkaskiptingu milli aðila í virðiskeðjunni vegna einstakra upplýsinga og skráninga, kröfur um sannprófun upplýsinga sem berast frá öðrum aðilum, ráðstafanir til að koma í veg fyrir

tvískráningu, skilafresti, leiðréttingar, varðveislu gagna, gagnasnið og tæknilega framkvæmd skráningar.

27. gr.

5. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Upplýsingaskylda eldsneytisbirgja.

Eldsneytisbirgjum er skylt að gera Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir öllu því eldsneyti sem þeir flytja inn eða framleiða og afhenda á markað til notkunar í samgöngum og raforku sem þeir afhenda til sömu nota. Upplýsingarnar skulu sundurliðaðar eftir tegund, notkun og viðtakendum og taka til magns og orkugildis afhents eldsneytis, afhents raforkumagns og þess orkumagns sem telst endurnýjanlegt við útreikning skv. 3. gr., ásamt öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að skyldur skv. 3. og 4. gr. séu uppfylltar. Upplýsingar skulu liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers almanaksárs.

Eldsneytisbirgjum er skylt að afhenda Umhverfis- og orkustofnun gögn og upplýsingar oftar á almanaksárinu ef stofnunin óskar þess vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Hafi gögnum eða upplýsingum samkvæmt þessari grein ekki verið skilað innan tilskilins frests eða séu þau ófullnægjandi gilda ákvæði 6. gr.

Umhverfis- og orkustofnun gefur árlega út yfirlit um heildarsölu eldsneytis og hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 30. apríl ár hvert vegna næstliðins almanaksárs.

28. gr.

6. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Viðurlög og þvingunarúrræði.

Hafi eldsneytisbirgir ekki uppfyllt skyldu skv. 3. gr. skal Umhverfis- og orkustofnun leggja á hann sekt. Sektin skal nema 6 kr. á hvert MJ sem vantar til að viðkomandi skylda sé uppfyllt. Við útreikning sektar vegna vanefnda á fleiri en einu skyldubundnu atriði skv. 3. gr. skal ekki telja sama orkumagn oftar en einu sinni.

Ef gögn eða upplýsingar sem rekstraraðili eða eldsneytisbirgir leggur fram nægja ekki til að sýna fram á að skilyrði 4. gr. séu uppfyllt skal Umhverfis- og orkustofnun senda viðkomandi aðila áskorun um að bæta úr innan hæfilegs frests. Verði ekki bætt úr innan frestsins má ekki telja það eldsneyti sem um ræðir með sem endurnýjanlega orku við útreikning eða uppgjör samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra fyrr en sýnt hefur verið fram á að skilyrði 4. gr. séu uppfyllt.

Hafi rekstraraðili eða eldsneytisbirgir ekki afhent gögn eða upplýsingar sem ber að afhenda samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra innan tilskilins frests, eða séu gögnin eða upplýsingarnar ófullnægjandi, skal Umhverfis- og orkustofnun senda viðkomandi aðila áskorun um að bæta úr innan hæfilegs frests. Frestur til úrbóta skal að jafnaði ekki vera skemmri en þrjár vikur.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem verður ekki við áskorun skv. 3. mgr. Dagsektir skal því aðeins leggja á að viðkomandi aðila hafi verið veittur hæfilegur frestur til að bæta úr vanefndum. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal höfð hliðsjón af eðli, alvarleika og umfangi vanefnda, hversu lengi þær hafa staðið yfir, hvort um ítrekaðar vanefndir er að ræða og fjárhagslegum styrk viðkomandi aðila. Í ákvörðun um dagsektir skal tilgreina frá hvaða degi þær falla á.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir verulega rangar eða villandi upplýsingar skv. 4. gr. eða 5. gr. Heimildin tekur til tilvika þar sem upplýsingarnar hafa haft áhrif á útreikning eða uppgjör skv. 3. gr. eða, þegar um ásetningsbrot er að ræða, upplýsingarnar hafa verið veittar í því skyni að hafa slík áhrif. Stjórnvaldssekt getur numið allt að 10.000.000 kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. líta til eðlis, alvarleika og umfangs brots, þess hversu lengi það hefur staðið yfir, hvort um ítrekað brot er að ræða, hvort brot hafi verið framið í þágu hagsmuna viðkomandi aðila, fjárhagslegs ávinnings af broti, hvort unnt hefði verið að koma í veg fyrir brotið með eðlilegri stjórnun og eftirliti og hvort gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta úr broti.

Sé sekt eða dagsekt ekki greidd innan mánaðar frá því að Umhverfis- og orkustofnun tilkynnir aðila um ákvörðunina skal greiða dráttarvexti af fjárhæðinni í samræmi við 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Sektir og dagsektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Ákvarðanir Umhverfis- og orkustofnunar um sektir og dagsektir eru aðfararhæfar.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um sekt eða dagsekt má skjóta til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til úrskurðarnefndar frestar aðför. Úrskurðir úrskurðarnefndar um sektir og dagsektir eru aðfararhæfir. Að öðru leyti en hér segir gilda lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

29. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Viðurlög vegna skráningar í gagnagrunn.

Láti rekstraraðili eða eldsneytisbirgir hjá líða að skrá upplýsingar sem honum ber að skrá skv. 4. gr. a, veiti rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar við skráningu samkvæmt þeirri grein eða sinni ekki kröfu Umhverfis- og orkustofnunar um leiðréttingu, gögn eða skýringar samkvæmt þeirri grein skal stofnunin senda viðkomandi aðila áskorun um að bæta úr innan hæfilegs frests. Frestur til úrbóta skal að jafnaði ekki vera skemmri en þrjár vikur.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem verður ekki við áskorun skv. 1. mgr. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal höfð hliðsjón af sjónarmiðum skv. 4. mgr. 6. gr.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar skv. 4. gr. a, enda hafi upplýsingarnar haft veruleg áhrif á útreikning eða uppgjör skv. 3. gr. eða, þegar um ásetningsbrot er að ræða, verið veittar í því skyni að hafa slík áhrif. Stjórnvaldssekt getur numið allt að 10.000.000 kr. Við ákvörðun sektar skal höfð hliðsjón af sjónarmiðum skv. 5. mgr. 6. gr.

Ákvæði 6. og 7. mgr. 6. gr. um greiðslu, dráttarvexti, innheimtu, aðfararhæfi og málskot gilda eftir því sem við á um ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

30. gr.

7. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Varðveisla gagna og upplýsinga.

Rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skulu halda til haga þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að skyldur samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra séu uppfylltar og til að Umhverfis- og orkustofnun geti

sannreynt, eftir því sem við á, uppruna eldsneytis, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika og upplýsingar um magn og orkugildi eldsneytis eða orku.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þau gögn og upplýsingar sem halda skal til haga samkvæmt þessari grein, form þeirra og varðveislutíma.

31. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Gjaldtaka.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að taka gjald fyrir eftirfarandi verkefni sem stofnunin innir af hendi:

a. yfirferð gagna og upplýsinga um sjálfbærni, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleika, sbr. 4. gr.,
b. eftirlit með skráningu í gagnagrunn, sbr. 4. gr. a,
c. yfirferð gagna og upplýsinga, sbr. 5. gr.,
d. viðbótarvinnu vegna síðbúinna eða ófullnægjandi gagnaskila.

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum Umhverfis- og orkustofnunar, gjaldskrá fyrir þau gjöld sem rekstraraðilar, eldsneytisbirgjar og aðrir aðilar skulu greiða skv. 1. mgr. Upphæð gjalda samkvæmt þessari grein skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalda byggist á. Gjöldin mega ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld þessi má innheimta með fjárnámi.

32. gr.

8. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

33. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

34. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um endurnýjanlegt eldsneyti.**

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu 26. og 29. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 30 dögum eftir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2413 frá 18. október 2023 um breytingu á tilskipun (ESB) 2018/2001, reglugerð (ESB) 2018/1999 og tilskipun 98/70/EB að því er varðar að stuðla að orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku hennar hefur öðlast gildi og verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Ráðherra skal birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistöku ákvæða skv. 2. mgr. með minnst tíu daga fyrirvara.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að höfðu samráði við Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitið. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, og lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Með frumvarpinu eru stigin stærri skref til samþættingar á afgreiðslu virkjunarleyfis og annarra leyfa og heimilda sem virkjanaframkvæmdir kalla á en lágmarkskröfur tilskipunarinnar kveða á um. Þá er lagt til að hámarksmálsmeðferðartími stjórnvalda vegna veitingar virkjunarleyfis og tengdra leyfa verði í fyrsta skipti skýrlega bundinn í lög. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að ferli leyfisveitinga verði einfaldað og tímafrestir lögbundnir. Sú leið sem farin er í frumvarpinu til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 er rökrétt framhald af þeim víðtæku breytingum á lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála sem samþykktar voru á 157. löggjafarþingi.

1.1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (RED II).

Tilskipunin er í daglegu tali kölluð RED II þar sem RED er skammstöfun á enska heitinu *Renewable Energy Directive.* Tilskipunin leysir af hólmi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB, svokallaða RED I. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar kemur fram að aukin notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eða „endurnýjanlegrar orku“ sé mikilvægur hluti þeirra ráðstafana sem séu nauðsynlegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að standa við skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum frá árinu 2015 um loftslagsbreytingar í kjölfar 21. ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og orku- og loftslagsstefnuramma Evrópusambandsins fram til ársins 2030, þ.m.t. bindandi markmið um að draga úr losun sem nemur a.m.k. 40% niður fyrir gildi ársins 1990 eigi síðar en 2030.

Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 kemur fram að EFTA-ríkin séu ekki hluti af bindandi heildarmarkmiði Evrópusambandsins um hlutdeild af orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í vergri endanlegri orkunotkun Evrópusambandsins fyrir árið 2030. EFTA-ríkin setja þess í stað landsbundin leiðbeinandi markmið varðandi endurnýjanlega orku fyrir árið 2030. Í yfirlýsingu EFTA-ríkjanna vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar segir m.a. að Ísland hafi sett sér 80% sem landsbundið leiðbeinandi markmið varðandi endurnýjanlega orku, gefið upp sem hlutdeild af endurnýjanlegri orku í heildarnotkun fyrir árið 2030. Íslenska landsbundna leiðbeinandi markmiðið varðandi endurnýjanlega orku byggist á greiningu og spá Umhverfis- og orkustofnunar til ársins 2030. Raforku- og hitunargeirar á Íslandi byggjast á 100% endurnýjanlegum orkugjöfum vatns- og jarðvarmaorku. Leiðbeinandi markmið Íslands varðandi endurnýjanlega orku fyrir árið 2030 er 16 prósentustigum hærra en landsbundið markmið um hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun árið 2020. Þá kemur fram í ákvörðun sameiginlegu EES-

nefndarinnar að EFTA-ríkin geti beitt stuðningskerfum til að ná eða fara fram úr landsbundnum leiðbeinandi markmiðum sínum varðandi endurnýjanlega orku sem sett eru fram í tilskipuninni.

Í RED II er kveðið á um undanþágur fyrir Kýpur og Möltu í formi lægri viðmiðunarmarka þegar kemur að útreikningi á heildarorkunotkun í tengslum við orkunotkun í fluggeiranum. Ísland er afskekkt eyja og eru veglengdirnar milli Íslands og nágrannalandanna langar og gilda því sömu viðmiðunarmörk fyrir Ísland og fyrir Kýpur og Möltu.

Noregur og Ísland eiga hátt hlutfall endurnýjanlegrar raforku. Ísland uppfyllir stóran hluta af eftirspurn sinni eftir hitaveitu með endurnýjanlegum jarðvarmaorkugjöfum og notar endurnýjanlega raforku þar sem jarðvarmaorkugjafar eru ekki til staðar. Því þótti rétt að aðlaga reikniaðferðirnar í tengslum við samþættingu hitunar og kælingar í tilskipuninni að því er varðar EFTA-ríkin.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fram kemur í 1. kafla eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á nokkrum lögum sem eru nauðsynlegar til innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og þar með uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirfarandi löggjöf til innleiðingar á RED II.

3.1. Raforkulög.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, sem varða valdeflingu neytenda á raforkumarkaði. Í RED II er lögð rík áherslu á að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum og tæknilegum hindrunum til að almenningur og fyrirtæki geti framleitt, neytt, geymt og selt eigin endurnýjanlegu raforku. Meginbreytingarnar fela í sér innleiðingu nýrra hugtaka í íslenskan rétt, svo sem *orkusamfélaga* (e. renewable energy communities) og *jafningjaviðskipta* (e. peer-to-peer trading) auk þess sem fjallað er um rétt *notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir* (e. renewables self-consumers). Til að styðja við þessa iðju er lagt til að dreifiveitum verði skylt að vinna með þeim að mælingum og uppgjöri og að einfaldað ferli verði tekið upp við nettengingu smærri framleiðslueininga (undir 10,8 kW, með heimild til að hækka viðmiðið í 50 kW). Jafnframt að dreifiveitum verði óheimilt að leggja gjöld á raforku sem framleidd er og nýtt innan afmarkaðs athafnasvæðis notanda, enda fer sú orka ekki um hið almenna dreifikerfi.

Þá eru lagðar til breytingar sem miða að því að einfalda og samræma leyfisferli vegna virkjunarframkvæmda í samræmi við 15. og 16. gr. RED II. Byggt er á stefnu sem mörkuð var með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, nr. 30/2026. Nálgunin felur í sér að umsókn um virkjunarleyfi verði gerð að einum samþættum farvegi fyrir önnur leyfi og heimildir sem framkvæmd kann að kalla á, svo sem nýtingarleyfi samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og heimild til breytingar á vatnshloti samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

3.2. Lög um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008.

Samkvæmt gildandi lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, takmarkast útgáfa upprunaábyrgða við raforku. Með RED II hefur gildissvið upprunaábyrgðarkerfisins verið útvíkkað þannig að það nái einnig til gass, þ.m.t. vetnis, ásamt hitun og kælingu. Lagt er til að uppfæra skilgreiningar til samræmis við RED II og bæta við skilgreiningum á *endurnýjanlegu gasi, samsetningu afgangsorku* og *umhverfisorku*. Lagt er til að Landsnet hf. gegni áfram hlutverki útgáfuaðila upprunaábyrgða á Íslandi og tryggi að útgáfa, framsal og afskráning þeirra uppfylli kröfur sem ráðherra setur í reglugerð. Í reglugerð verði mælt fyrir um nánari tæknilegar kröfur, þar á meðal um samræmi við viðeigandi staðal, sbr. 6. mgr. 19. gr. RED II. Tilvísun til tiltekinnar útgáfu staðalsins verði því í reglugerð en ekki í lögunum sjálfum svo að unnt sé að uppfæra hana eftir því sem staðallinn þróast án þess að breyta þurfi lögunum.

Þá er kveðið á um að útgáfa, framsal og afskráning upprunaábyrgða sé rafræn og að upprunaábyrgðir skuli gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Upprunaábyrgðir sem ekki hafa verið afskráðar falli úr gildi eigi síðar en 18 mánuðum frá framleiðslu orkueiningarinnar. Kveðið er nánar á um efni upprunaábyrgða og lagt til að heimilt verði að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum frá framleiðslueiningum sem eru minni en 50 kW. Enn fremur er kveðið á um að upprunavottorð frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins falli ekki undir kerfið nema framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi gert samning um gagnkvæma viðurkenningu upprunavottorða við viðkomandi ríki.

3.3. Lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013.

Margar af veigamestu kröfum í RED II snúa að sjálfbærniviðmiðum og rekjanleika eldsneytis. Til að innleiða þær kröfur tilskipunarinnar eru í frumvarpinu gerðar tillögur að breytingum á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013. Lagt er til að gildissvið laganna takmarkist ekki við samgöngur á landi heldur taki einnig til viðeigandi krafna um sjálfbærni, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, vottun og rekjanleika eldsneytis sem fellur undir lögin. Jafnframt er lagt til að heiti laganna verði lög um endurnýjanlegt eldsneyti.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að ákvæði laganna um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum verði endurorðuð til samræmis við 25.–27. gr. RED II. Gildandi 5% lágmarkshlutdeild verður áfram lögbundið grunnviðmið, en ráðherra verður falið að kveða í reglugerð á um stigvaxandi hækkun hennar í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Þá verður ráðherra falið að útfæra nánar reglur um útreikning hlutdeildarinnar, m.a. um meðferð raforku, viðeigandi eldsneytistegundir, margföldunarstuðla og meðferð eldsneytis til flugs og siglinga.

Jafnframt er lagt til að lögfest verði sérstök skráningarskylda í sameiginlegan gagnagrunn Evrópusambandsins. Tilgangur gagnagrunnsins er að rekja uppruna, sjálfbærnieiginleika og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg fyrir að endurnýjanlegt eldsneyti sé tvítalið. Gert er ráð fyrir sérstakri gildistöku ákvæða um gagnagrunninn og viðurlög sem tengjast skráningarskyldunni.

Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna getur haft þýðingu fyrir aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum þar sem áfram má gera ráð fyrir notkun fljótandi eða loftkennds eldsneytis. Til að orka úr slíku eldsneyti geti talist með við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum eða eldsneytið nýst til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum þarf að tryggja að viðeigandi skilyrði um uppruna orku,

framleiðsluferli, rekjanleika, skráningu og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt. Nánari reglur um þessi atriði verða settar í reglugerð á grundvelli laganna og í samræmi við þær EES-reglur sem gilda um slíkt eldsneyti.

Til að tryggja að farið sé að þessum kröfum er Umhverfis- og orkustofnun falið skýrt eftirlitshlutverk ásamt rýmkuðum heimildum til viðurlaga. Lagt er til að sekt við að uppfylla ekki lögbundna hlutdeildarkröfu hækki úr 4 kr. í 6 kr. fyrir hvert megajúl sem vantar til að skyldunni sé fullnægt. Þá verði stofnuninni heimilt að leggja á dagsektir vegna vanrækslu á upplýsingaskilum og stjórnvaldssektir vegna tiltekinna verulegra rangra eða villandi upplýsinga sem veittar eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, að uppfylltum nánari skilyrðum laganna. Jafnframt er lagt til að stofnunin fái heimild til að innheimta gjöld vegna afmarkaðra eftirlits- og stjórnsýsluverkefna á grundvelli gjaldskrár.

3.3.1. Gagnagrunnur Evrópusambandsins og tengsl við RED III.

Í RED II er gert ráð fyrir sameiginlegum gagnagrunni Evrópusambandsins til að tryggja rekjanleika tiltekins endurnýjanlegs eldsneytis og draga úr hættu á tvítalningu. Gagnagrunnurinn er hluti af því kerfi sem notað er til að rekja eldsneyti eftir virðiskeðjunni og sannreyna upplýsingar um m.a. uppruna, sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Reglur um gagnagrunninn hafa tekið verulegum breytingum frá samþykkt RED II. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2413 frá 18. október 2023 um breytingu á tilskipun (ESB) 2018/2001, svokallaðri RED III, var ný grein, 31. gr. a, tekin upp í RED II. Með henni var gildissvið gagnagrunnsins rýmkað og reglur um skráningu, rekjanleika og sannprófun upplýsinga útfærðar nánar. Gagnagrunnurinn tekur samkvæmt hinu breytta regluverki til fljótandi og loftkennds endurnýjanlegs eldsneytis og endurunnins kolefniseldsneytis og eru lagðar ítarlegri skyldur á rekstraraðila um skráningu upplýsinga um viðskipti, sjálfbærnieinkenni og losun gróðurhúsalofttegunda eftir virðiskeðjunni.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/996 hefur einnig þýðingu í þessu sambandi. Þar eru m.a. settar nánari reglur um rekjanleika, massajöfnun, sannprófun sjálfbærnieinkenna og miðlun upplýsinga eftir virðiskeðjunni.

Af þessu leiðir að innleiðing upphaflegra ákvæða RED II ein og sér tryggir ekki að íslenskir rekstraraðilar og stjórnvöld geti tekið fullan þátt í því gagnagrunnskerfi sem nú er starfrækt innan Evrópusambandsins. Núverandi lagagrundvöllur og framkvæmd gagnagrunnsins byggjast að verulegu leyti á þeim breytingum sem gerðar voru með RED III og tengdum afleiddum gerðum. RED III hefur enn ekki verið tekin upp í EES-samninginn en unnið er að upptöku hennar. Þar til þeirri vinnu er lokið liggur því ekki fyrir endanlegur EES-réttarlegur grundvöllur fyrir öllum þeim þáttum gagnagrunnskerfisins sem stafa af RED III.

Með frumvarpinu er engu að síður talið rétt að setja nauðsynlega innlenda lagastoð fyrir skráningarskyldu og eftirliti með henni. Ákvæði frumvarpsins um skráningarskyldu í gagnagrunninn og viðurlög sem sérstaklega tengjast henni munu þó ekki öðlast gildi fyrr en 30 dögum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunar (ESB) 2023/2413 í EES-samninginn hefur öðlast gildi og hún birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Ráðherra skal birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistöku ákvæðanna með minnst tíu daga fyrirvara.

Með þessu er gildistaka skráningarskyldunnar tengd upptöku RED III í EES-samninginn og jafnframt veittur tiltekinn frestur áður en skyldan tekur gildi. Nauðsynlegt verður að undirbúa framkvæmd hennar, þar á meðal setningu viðeigandi reglugerðar, aðgang íslenskra

aðila að gagnagrunninum og aðlögun upplýsingakerfa og verklags. Þessar framkvæmdaaðstæður eru þó ekki sjálfstæð lögbundin skilyrði fyrir gildistöku ákvæðanna samkvæmt frumvarpinu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið lýtur að því að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (RED II), sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025. Frumvarpið felur m.a. í sér breytingar á skyldum eldsneytisbirgja, upplýsingaskyldu, eftirliti, viðurlögum og gjaldtöku. Þessar skyldur geta falið í sér takmarkanir á atvinnufrelsi og auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá aðila sem falla undir lögin. Byggjast þær á lögum og þjóna þeim markmiðum að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegrar orku, tryggja áreiðanleika upplýsinga og framfylgja viðeigandi kröfum um sjálfbærni og rekjanleika. Við nánari útfærslu og framkvæmd ákvæðanna ber að gæta meðalhófs og þess að kröfur til einstakra aðila gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum þeirra.

Frumvarpið gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að innleiða viðeigandi ákvæði RED II. Markmið breytinganna er fyrst og fremst að tryggja fullnægjandi lagastoð fyrir framkvæmd reglna tilskipunarinnar og nánari útfærslu hennar í reglugerðum. Þá felur frumvarpið ekki í sér sjálfstæða hækkun á því 5% lágmarki sem nú er lögfest eða nýja íblöndunarskyldu umfram það sem leiðir af gildandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Ráðherra verður hins vegar falið að ákveða í reglugerð stigvaxandi hækkun lágmarkshlutdeildarinnar í samræmi við kröfur tilskipunarinnar, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Frumvarpið felur jafnframt í sér lagastoð fyrir skráningarskyldu samkvæmt reglum um gagnagrunn Evrópusambandsins, sem öðlast mun gildi síðar samkvæmt sérstöku ákvæði frumvarpsins.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu voru birt til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá 27. janúar til 10. febrúar 2026 (mál nr. S-16/2026) og bárust alls 10 umsagnir um áformin sem tekið var mið af við gerð frumvarps þessa. Umsagnir um áform eru að mestu jákvæðar. Þar komu m.a. fram sjónarmið um að horfa þyrfti til ákvæða RED III við innleiðinguna og taka til skoðunar lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Þá kom fram að greina þyrfti betur áhrif innleiðingarinnar á einkaaðila og opinbera aðila hér á landi.

Drög að frumvarpi voru birt til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda frá 14. júní 2026 til 15. ágúst 2026 (mál nr. S-127/2026). Alls bárust 17 umsagnir um frumvarpið.

Í flestum umsögnum er almennt stutt við markmið frumvarpsins en ýmsum ábendingum komið á framfæri. Frumvarpið hefur tekið breytingum frá lokum samráðstíma en við breytingarnar var einkum horft til umsagna hagaðila eins og tilgreint er í eftirfarandi köflum.

5.1. Upprunaábyrgðir.

Nokkrir umsagnaraðilar bentu á misræmi í orðanotkun þar sem talað var um „afturköllun“ í stað „afskráningar“ upprunaábyrgðar. Einnig komu fram sjónarmið um að óeðlilegt væri að Landsneti yrði falið að gefa út upprunaábyrgðir vegna annars en raforku, svo sem varma, kælingar og gass.

Orðalag frumvarpsins hefur verið samræmt þannig að nú er notað hugtakið *afskráning* þegar upprunaábyrgð er nýtt eða rennur út. Ekki hefur verið fallist á að færa útgáfu upprunaábyrgða fyrir varma og gas frá Landsneti hf. að svo stöddu en kveðið verður nánar á um framkvæmdina í reglugerð.

5.2. Ferli leyfisveitinga.

Í umsögnum orkufyrirtækja var fundið að því að í frumvarpsdrögunum voru ekki innleidd ákvæði 15. og 16. gr. RED II. Við frekari vinnslu frumvarpsins var nýjum ákvæðum bætt við, sbr. 9. gr. frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um samþætta leyfisveitingu í ljósi þess að umsókn um virkjunarleyfi hjá Umhverfis- og orkustofnun getur jafnframt falið í sér beiðni um önnur nauðsynleg leyfi og heimildir. Stofnunin gefur þá út eitt leyfi séu skilyrði uppfyllt. Jafnframt eru lögfestir bindandi hámarksfrestir, málsmeðferð skal lokið innan átján mánaða en innan eins árs ef um er að ræða raforkuver undir 150 kW eða endurnýjun/aflaukningu eldri virkjana. Sjá nánari umfjöllun í skýringu við 9. gr.

5.3. Notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, orkusamfélög og gjaldskrár dreifiveitna.

Í umsögnum var lögð áhersla á að tæknilegir tengiskilmálar yrðu áfram á forræði veitnanna til að tryggja öryggi og áreiðanleika kerfisins. Gjaldskrár yrðu áfram að endurspegla kostnað svo að kostnaður við dreifða framleiðslu færðist ekki yfir á almenna notendur. Kallað var eftir því að skýrt væri að notendur sættu ekki tvöfaldri gjaldtöku fyrir geymda raforku og að hlutverk orkusafnara yrði skýrt betur. Jafnframt þótti hugtakanotkun frumvarpsins víða óskýr.

Eftir samráðið hefur hugtakanotkun verið samræmd og fallið frá hugtakinu *virkur notandi* og í stað þess vísað til *notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir*. Lagt er til að hugtakið *afmarkað athafnasvæði* verði lögfest til að skýra hvar framleiðsla og notkun geti farið fram í skjóli reglna um notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, orkusamfélög og orkudeilingu. Nú er kveðið skýrt á um að dreifiveitum sé óheimilt að leggja gjald á raforku sem slíkir notendur framleiða og nýta innan athafnasvæðis síns eða að láta geymda raforku sæta tvöfaldri gjaldtöku. Þá hefur verið lögfest sérstök undanþága frá leyfisskyldu fyrir orkusafnara að tilteknum skilyrðum uppfylltum og kveðið skýrar á um landfræðilega afmörkun orkusamfélaga við sama dreifisvæði eða spennustig.

5.4. Gagnagrunnur Evrópusambandsins og skráningarskylda eldsneytis.

Frá hagaðilum komu fram athugasemdir við víðtæka skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins og íþyngjandi viðurlög við brotum á henni. Áréttað var að eldsneytisbirgjar gætu ekki borið ábyrgð á upplýsingum frá framleiðendum og bent á að skráningarskylda og viðurlög tækju ekki gildi fyrr en gagnagrunnurinn væri virkur og reglugerðir stjórnvalda lægju fyrir.

Við endurskoðun frumvarpsins hefur verið leitast við að skýra ábyrgð einstakra aðila í virðiskeðju eldsneytis. Sérstaklega er lagt til að ábyrgð rekstraraðila og eldsneytisbirgja á skráningu og réttmæti upplýsinga verði afmörkuð við upplýsingar sem varða eigin starfsemi þeirra og þær upplýsingar sem þeim er sérstaklega skylt að afla, skrá eða sannreyna samkvæmt lögunum, verði frumvarpið samþykkt, eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Með þessu er tekið tillit til þess að aðilar í virðiskeðjunni hafa mismunandi aðkomu að upplýsingum um uppruna, framleiðslu, sjálfbærni og rekjanleika eldsneytis.

Gert er ráð fyrir að lögin, nái frumvarpið fram að ganga, öðlist þegar gildi. Ákvæði 26. og 29. gr. frumvarpsins, sem varða skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins og

viðurlög sem sérstaklega tengjast henni, munu þó ekki öðlast gildi fyrr en 30 dögum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunar (ESB) 2023/2413 í EES-samninginn hefur öðlast gildi og hún birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Ráðherra skal birta auglýsingu um gildistöku ákvæðanna í Stjórnartíðindum með minnst tíu daga fyrirvara. Með þessu er gildistaka skráningarskyldunnar tengd við gildistöku viðeigandi EES-reglna. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum fresti áður en ákvæðin öðlast gildi og birtingu auglýsingar um gildistökuna. Mikilvægt verður að undirbúa framkvæmd skyldunnar tímanlega, m.a. með setningu reglugerðar og því að tryggja að íslenskir skráningarskyldir aðilar hafi aðgang að gagnagrunninum.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið er liður í innleiðingu á tilskipun (ESB) 2018/2001 (RED II) um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Samþykkt þess er ætlað að styðja við orkuskipti, auka notkun endurnýjanlegrar orku og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Frumvarpið felur í sér skýrari umgjörð fyrir notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, orkusamfélög og jafningjaviðskipti með raforku. Því er ætlað að auðvelda einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum að framleiða, geyma, nota, deila og selja endurnýjanlega raforku. Fyrir framleiðendur endurnýjanlegrar orku, notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og lítil og meðalstór fyrirtæki felast jákvæð áhrif einkum í auknum möguleikum til framleiðslu, geymslu, sölu og deilingar raforku, útgáfu upprunaábyrgða fyrir fleiri orkugjafa og einfaldari ferla við leyfisveitingar. Breytingarnar geta þannig stuðlað að nýsköpun, aukinni samkeppni og fjárfestingu í dreifðri orkuframleiðslu. Samþætt leyfisveiting og lögfestir afgreiðslufrestir geta jafnframt einfaldað, flýtt leyfisferlum og aukinheldur orkuskiptum.

Nýjar eftirlits- og skráningarkröfur geta aftur á móti aukið kostnað rekstraraðila í virðiskeðju endurnýjanlegs eldsneytis. Er m.a. um að ræða skráningarskyldu í sameiginlegan gagnagrunn Evrópusambandsins, kröfur um sjálfbærniviðmið, vottun, sannprófun og rekjanleika endurnýjanlegs eldsneytis, m.a. með notkun massajöfnunarkerfa. Þetta getur aukið umsýslu og kostnað við innkaup og birgðahald. Ákvæði frumvarpsins um sjálfbærniviðmið, upplýsingaskil og almennt eftirlit koma til framkvæmda við gildistöku laganna. Sérstök síðari gildistaka á hins vegar við um skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins og þau viðurlög sem sérstaklega tengjast henni. Nánari útfærsla skyldnanna í reglugerðum getur jafnframt haft áhrif á umfang kostnaðar einstakra rekstraraðila.

Heildaráhrif frumvarpsins á eftirspurn og einstaka markaði eru talin óveruleg. Ekki er talið að breytingarnar takmarki fjölda fyrirtækja á markaði, dragi úr möguleikum þeirra til samkeppni eða takmarki frumkvæði þeirra til virkrar samkeppni. Þá er ekki gert ráð fyrir áhrifum á byggðarlög, frjáls félagasamtök eða frelsi til að veita þjónustu. Ekki er fyrirséð að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Frumvarpið felur í sér ný og aukin verkefni fyrir Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitið, einkum vegna eftirlits með notendum endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélögum, upplýsingaskila og annarra krafna sem tengjast endurnýjanlegri orku og endurnýjanlegu eldsneyti. Þessi verkefni hafa í för með sér aukinn rekstrar- og launakostnað hjá Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitinu. Gert er ráð fyrir að kostnaði vegna hluta þessara verkefna verði mætt með lögbundinni gjaldtöku, en fjárhagsleg áhrif ráðast af umfangi verkefnanna og innheimtu gjalda. Kostnaði vegna nýrra eftirlitsverkefna Raforkueftirlitsins verður mætt með breytingu á raforkueftirlitsgjaldi í samræmi við umfang

verkefnanna. Gert er ráð fyrir 6,5% hækkun gjaldsins, sem samsvarar kostnaði við eitt stöðugildi vegna nýrra reglna innan eftirlitsramma Raforkueftirlitsins. Lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt að innheimta gjöld fyrir tiltekin verkefni vegna yfirferðar sjálfbærnigagna, upplýsingaskila og eftirlits með skráningu í gagnagrunn Evrópusambandsins. Gjöldin skulu miðast við kostnað við viðkomandi verkefni og mega ekki vera hærri en sá kostnaður. Verkefni stofnunarinnar vegna sjálfbærniviðmiða og almennra upplýsingaskila koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en eftirlit með sérstakri skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins tekur gildi síðar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Kostnaðarþörf vegna þess eftirlits mun ráðast m.a. af framkvæmd skráningarskyldunnar og umfangi hennar.

Talið er að áhrif frumvarpsins séu þau sömu á alla hópa og að frumvarpið hafi lítil sem engin áhrif á stöðu kynjanna eða á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir eða aðila á eða utan vinnumarkaðar. Breytingar á raforkulögum í þágu virkari þátttöku almennings, fyrirtækja og sveitarfélaga á raforkumarkaði kunna að hafa jákvæð áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á lýðheilsu.

Áhrif frumvarpsins á umhverfið eru metin jákvæð þar sem það er til þess fallið að greiða fyrir orkuskiptum, draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og þar af leiðandi minni loftmengun. Kröfum um sjálfbærni og rekjanleika eldsneytis er jafnframt ætlað að tryggja umhverfisávinning.

Samantekið hefur frumvarpið í för með sér nýjar og breyttar kröfur fyrir stjórnvöld, framleiðendur endurnýjanlegrar orku, rekstraraðila í virðiskeðju endurnýjanlegs eldsneytis, notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, orkusamfélög o.fl. Á móti kemur að frumvarpið felur í sér skýrari og samræmdari umgjörð um nýtingu endurnýjanlegrar orku og styður markmið um orkuskipti, minni losun gróðurhúsalofttegunda og sjálfbæra þróun. Einföldun og samþætting leyfisveitingarferla ásamt lögfestum afgreiðslufrestum miðast jafnframt við að draga úr íþyngjandi stjórnsýsluferlum og flýta málshraða. Skýrara regluverk og einfaldari stjórnsýsla eru til þess fallin að bæta fyrirsjáanleika, auðvelda framkvæmd og skapa betri skilyrði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og opinbera aðila til að taka þátt í þróun og nýtingu endurnýjanlegra orkukosta. Þegar þessi langtímaávinningur er veginn á móti hinum beinu og óbeinu fjárhagsáhrifum á fyrirtæki og stjórnsýslu er talið að ávinningur frumvarpsins sé meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við 3. gr. raforkulaga bætist fimm nýjar orðskýringar. Með RED II er lögð aukin áhersla á virka þátttöku neytenda á raforkumarkaði og að einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög geti í ríkari mæli tekið þátt í framleiðslu, geymslu, notkun og sölu raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Nýju skilgreiningarnar mynda grundvöll annarra ákvæða frumvarpsins sem mæla fyrir um réttindi og skyldur þessara aðila auk þess að leggja grunn til að auka hlutdeild almennings í orkuskiptum.

Hugtakinu *afmarkað athafnasvæði* er ætlað að styðja afmörkun réttinda notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir en eitt af helstu einkennum þess er að eigin framleiðsla fer fram innan afmarkaðs athafnasvæðis. Í RED II er mælt fyrir um rétt til að setja upp og reka orkugeymslu án tvöfaldrar gjaldtöku, þ.m.t. netgjalda, á geymda orku sem eftir stendur innan athafnasvæðis.

Hugtakið *jafningjaviðskipti* (e. peer-to-peer trading) á sér stoð í 18. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar og á við um viðskipti með raforku milli notenda á grundvelli samnings sem getur farið fram annaðhvort beint milli aðila eða með milligöngu markaðsaðila, svo sem raforkusala, orkusafnara eða annars aðila sem annast framkvæmd og uppgjör viðskiptanna. Viðskiptin geta byggst á sjálfvirkum viðskiptakerfum eða öðrum sambærilegum lausnum. Hugtakið er jafnframt notað í c-lið 7. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um rétt notenda til að stunda slík viðskipti.

Hugtakið *orkusafnari* sækir stoð sína til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 um sameiginlegar reglur fyrir innri markað fyrir raforku og breytingu á tilskipun 2012/27/EB. Sú tilskipun hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en fellur undir gildissvið hans og er til umfjöllunar hjá sameiginlegu EES-nefndinni. Með því að skilgreina hugtakið og marka því ramma er stuðlað að því að gera jafningjaviðskipti tæknilega framkvæmanleg án þess að krefjast þess að almennir notendur fari beint inn á heildsölumarkað. Með *orkusafnara* er átt við aðila sem sameinar álag eða raforkuvinnslu fleiri en eins markaðsaðila í eina einingu í því skyni að kaupa, selja eða bjóða raforku á raforkumarkaði eða afhenda kerfisþjónustu. Orkusafnari getur jafnframt verið sölufyrirtæki þeirra notenda sem í hlut eiga en þarf ekki að vera það. Hlutverk hans getur m.a. falist í að gera smærri og dreifðum framleiðslueiningum kleift að taka sameiginlega þátt á raforkumarkaði eða veita sveigjanleika og kerfisþjónustu. Orðskýringin felur ekki ein og sér í sér undanþágu frá leyfisskyldu eða öðrum reglum sem gilda um þá starfsemi sem orkusafnari tekur að sér.

Skilgreiningin á *orkusamfélagi* (e. renewable energy community) byggist á 16. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar og er undirstrikað þar að um sé að ræða lögaðila sem hafi að meginmarkmiði efnahagslegan, umhverfislegan og félagslegan ávinning í nærsamfélaginu frekar en fjárhagslegan ágóða. Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar er notað hugtakið *samfélag um endurnýjanlega orku* en hugtakið *orkusamfélag* hefur rutt sér til rúms hér á landi og er það því lagt til grundvallar. Megintilgangur orkusamfélags er ekki að skila fjárhagslegum hagnaði heldur að skapa félagslegan, umhverfislegan eða efnahagslegan ávinning fyrir aðila og/eða nærsamfélagið. Með þessu er stuðlað að aukinni þátttöku almennings í orkuskiptum og dreifðri framleiðslu endurnýjanlegrar orku.

Um 2. gr.

Um er að ræða tæknilegar breytingar á tilvísunum í 7. tölul. 3. gr. laganna þar sem nýjum orðskýringum hefur verið bætt við þá grein, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að bæta við tveimur nýjum málsgreinum á eftir 7. mgr. 16. gr. laganna og breyta 8. mgr.

Með fyrri málsgrein a-liðar er lagt til að mælt verði fyrir um skyldu dreifiveitna til að greiða fyrir mælingu, gagnaskiptum, deilingu, úthlutun og uppgjöri raforku sem framleidd er af framleiðslueiningum í eigu orkusamfélags og deilt er meðal félagsmanna eða hluthafa þess. Ákvæðið byggist á c-lið 4. mgr. 22. gr. RED II sem krefst þess að dreifikerfisstjórar vinni með orkusamfélögum til að auðvelda orkutilfærslu.

Með síðari málsgrein a-liðar er lagt til að kveðið verði á um svokallað einfalt tilkynningarferli fyrir framleiðslueiningar sem eru 10,8 kW eða minni í samræmi við 17. gr. tilskipunarinnar. Einingar af þessari stærðargráðu skulu tengdar dreifikerfinu innan mánaðar, nema rökstudd öryggis- eða tæknileg sjónarmið mæli gegn því.

Með b-lið er lagt til að nýtt verði svigrúm sem 2. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar veitir með því að heimila ráðherra í reglugerð að hækka þau mörk sem fjallað er um í málsgreininni upp í 50 kW, enda sé áreiðanleika dreifikerfis viðhaldið. Þá er lagt til að ráðherra setji nánari fyrirmæli í reglugerð til að laga starfsumgjörð dreifiveitna að nýjum veruleika þar sem notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélög taka þátt á raforkumarkaði. Ákvæðið er liður í innleiðingu á 21. og 22. gr. tilskipunarinnar þar sem aðildarríkjum er gert að tryggja að notendur geti tekið virkan þátt í raforkukerfinu með því að framleiða, geyma, nota og selja raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Jafnframt leggja ákvæði tilskipunarinnar ríka áherslu á að stjórnsýslulegar og tæknilegar reglur séu gagnsæjar, í þeim sé meðalhófs gætt og að þær feli ekki í sér óþarfahindranir fyrir slíka starfsemi.

Samkvæmt raforkulögum hvílir rík tengiskylda á dreifiveitum sem og skylda til að mæla nákvæmlega þá raforku sem afhent er úr eða mötuð inn á dreifikerfið. Í reglugerð nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar, eru gerðar ríkar kröfur um raforkumælingar og uppgjör allrar raforku. Árétta ber að skylda til að greiða fyrir orkudeilingu breytir ekki þeim skyldum.

Um 4. gr.

Ákvæðið byggist á 2. mgr. 21. og 4. mgr. 22. gr. RED II sem mæla fyrir um að notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélög skuli ekki sæta óhóflegum eða mismunandi gjöldum eða hindrunum, sérstaklega varðandi þá orku sem verður til og er notuð innan sömu fasteignar. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að tryggja að gjaldskrár og framkvæmd dreifiveitna styðji þá auknu þátttöku neytenda í orkuskiptum sem tilskipunin gerir ráð fyrir, án þess að ganga gegn grundvallarsjónarmiðum raforkulaga um öruggan rekstur raforkukerfisins og að gjaldskrár endurspegli raunkostnað.

Lagt er til að við 17. gr. a raforkulaga bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að gjaldskrár dreifiveitna skuli taka sérstaklega mið af notendum endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélögum. Með ákvæðinu er áréttað að í gjaldskrám dreifiveitna skuli gera ráð fyrir og taka tillit til þessara aðila. Það felur ekki í sér að slíkir notendur skuli almennt njóta lægri gjalda en aðrir notendur eða vera undanþegin greiðslu fyrir notkun dreifikerfisins. Gjaldskrár skulu eftir sem áður byggjast á almennum meginreglum raforkulaga um kostnaðargrundvöll, jafnræði og gagnsæi. Í 2. málsl. ákvæðisins er mælt fyrir um að dreifiveitum sé óheimilt að hindra rétt þessara aðila til að framleiða, nota, geyma eða selja eigin raforku. Þannig verði áréttað að dreifiveitum sé óheimilt að hindra að notendur geti nýtt þessi réttindi, hvorki með skilmálum tengingar né gjaldskrám eða annarri framkvæmd.

Ákvæðið felur þó ekki í sér að dreifiveitum sé óheimilt að gera eðlilegar tæknilegar eða rekstrarlegar kröfur vegna nettenginga eða rekstraröryggis raforkukerfisins. Dreifiveitum verður áfram heimilt að setja málefnaleg skilyrði sem byggjast á öryggi raforkukerfisins, gæðum raforku og öðrum lögmætum sjónarmiðum, enda séu slík skilyrði byggð á hlutlægum og gagnsæjum forsendum og gildi jafnt um sambærilega notendur. Samkvæmt ákvæðinu verður óheimilt að leggja dreifiveitugjald á endurnýjanlega raforku sem er nýtt eða geymd innan afmarkaðs athafnasvæðis notandans og fer ekki um dreifikerfi. Jafnframt verður óheimilt að láta raforku sem geymd er í geymslukerfi samhliða eigin framleiðslu og verður innan athafnasvæðisins sæta tvöfaldri gjaldtöku. Bannið tekur ekki til kostnaðartengdra gjalda vegna raforku sem er afhent inn á eða tekin út af dreifikerfi eða deilt til aðskildra afhendingarstaða með notkun þess.

Um 5. gr.

Í 18. gr. raforkulaga er kveðið á um að leyfi Raforkueftirlitsins þurfi til að stunda raforkuviðskipti. Lagt er til að notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, orkusamfélög og aðilar í jafningjaviðskiptum skuli undanþegnir almennri kröfu greinarinnar um leyfi til raforkuviðskipta. Breytingin samræmist röksemdum að baki 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar um að notendur endurnýjanlegrar orku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélög eigi rétt á að taka þátt á markaði án þess að mæta óhóflegri stjórnsýslubyrði. Samkvæmt tilskipuninni skulu notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir eiga rétt á að selja umframraforku sína, m.a. með jafningjaviðskiptum, án þess að sæta mismunandi eða óhóflegri málsmeðferð eða gjöldum og án þess að missa stöðu sína sem notendur orku. Til að þessi réttindin verði virk samkvæmt íslenskum rétti er nauðsynlegt að afmarka gildissvið leyfisskyldu skv. 18. gr. laganna fyrir slíkum viðskiptum.

Þá er lagt til að tæknileg þjónusta eða þjónusta þriðja aðila, svo sem þjónusta orkusafnara vegna afmarkaðrar orkudeilingar, teljist ekki leyfisskyld raforkuviðskipti ein og sér. Undanþágan tekur aðeins til aðstoðar við skipulagningu deilingar, vinnslu mæligagna og innra fjárhagslegt uppgjör þátttakenda og stýringu notkunar á afhendingarstað, enda kaupi eða selji þjónustuveitandinn ekki raforku í eigin nafni og taki hvorki þátt á raforkumarkaði né veiti kerfisþjónustu. Með ákvæðinu er ekki hróflað við lögbundnu hlutverki dreifiveitna við mælingar, gagnaskipti og uppgjör. Starfsemi sem felst í því að sameina álag eða vinnslu til sölu, kaupa eða uppboðs á raforkumarkaði eða til afhendingar kerfisþjónustu fellur ekki undir undanþáguna.

Um 6. gr.

Líkt og í 2. gr. frumvarpsins er hér um að ræða tæknilegar breytingar á tilvísun í 26. tölul. 3. gr. laganna þar sem nýjum orðskýringum hefur verið bætt við þá grein, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að þrjár nýjar greinar, 18. gr. c – 18. gr. e, bætist við raforkulög. Ákvæðin mæla fyrir um réttindi og starfsskilyrði orkusamfélaga, notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og um jafningjaviðskipti með slíka raforku. Þau byggjast einkum á 14.–16. og 18. tölul. 2. gr. og 21. og 22. gr. RED II. Markmið ákvæðisins er að festa í sessi réttindi notenda til að taka virkan þátt í raforkumarkaði með sölu á eigin framleiðslu og þátttöku í orkusamfélögum og jafningjaviðskiptum.

Lagt er til að í nýrri 18. gr. c verði kveðið á um starfsemi orkusamfélaga. Með ákvæðinu fá slík samfélög, sem lúta raunverulegum yfirráðum félagsmanna í nærsamfélaginu, skýran rétt til að framleiða, geyma, nota og selja raforku, sem og að deila henni innbyrðis.

Sett er fram efnisregla um réttindi og þátttöku orkusamfélaga á raforkumarkaði. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að orkusamfélag sé sjálfstæður lögaðili þar sem aðild byggist á opinni og frjálsri þátttöku og félaginu sé í raun stjórnað af einstaklingum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða staðbundnum stjórnvöldum, þ.m.t. sveitarfélögum. Meginmarkmið slíks félags er að veita félagsmönnum sínum eða nærsamfélagi umhverfislegan, efnahagslegan eða félagslegan ávinning fremur en fjárhagslegan hagnað. Með opinni og frjálsri þátttöku í orkusamfélagi er átt við að þátttaka skuli vera valkvæð og að aðgangur að félaginu skuli ekki háður ómálefnalegum eða mismunandi skilyrðum. Tekið er fram að þátttaka lögaðila í orkusamfélagi sé heimil enda sé þátttakan í félaginu ekki helsta viðskipta- eða atvinnustarfsemi viðkomandi. Með þessu er áréttað að fyrirtæki geti tekið þátt í orkusamfélögum, t.d. sem

notendur, framleiðendur eða eigendur minni framleiðslueininga, en þátttakan megi ekki verða meginstarfsemi þeirra. Skilyrðinu er ætlað að koma í veg fyrir að orkusamfélög verði notuð sem almennur vettvangur atvinnurekstrar á raforkumarkaði fremur en tæki til að virkja þátttöku almennra notenda, minni fyrirtækja og sveitarfélaga í framleiðslu og nýtingu endurnýjanlegrar raforku. Þá er mælt fyrir um að raunveruleg yfirráð í orkusamfélagi skuli vera í höndum einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða viðkomandi sveitarfélags í nálægð við orkuvinnsluna, þ.e. innan sama dreifisvæðis eða spennustigs og orkuvinnslan. RED II bindur nálægð við þau verkefni sem orkusamfélagið á og rekur, en lætur aðildarríkjum eftir að afmarka hana nánar. Í nágrannaríkjum hefur nálægð ýmist verið bundin við sama spennustig eða dreifistöð eða við landfræðilegt svæði á borð við sveitarfélag. Eðlilegt er talið að miða við netfræðilega nálægð, þ.e. sama dreifisvæði eða spennustig, þar sem það endurspeglar raunveruleg kerfisleg áhrif orkudeilingar, en að heimilt sé að beita rýmri landfræðilegri afmörkun í dreifbýli þar sem það á betur við. Markmiðið er að tryggja að orkusamfélög verði raunverulega samfélagsleg og staðbundin úrræði, en ekki form fyrir hefðbundna atvinnustarfsemi stærri orkufyrirtækja, fjárfesta eða stórnotenda.

Lagt er til að í nýrri 18. gr. d verði kveðið á um sjálfstæðan rétt notenda til að framleiða, selja og deila eigin framleiddri endurnýjanlegri raforku. Nýmælið felst einkum í því að heimila almennum notendum að nýta raforkukerfið til að selja umframraforku sína eða taka þátt í jafningjaviðskiptum, og er sérstaklega kveðið á um rétt þeirra til að starfa í samlagi. Þetta tryggir aðstöðujöfnuð þeirra sem búa í fjölbýlishúsum eða deila atvinnuhúsnæði.

Lagt er til að í nýrri 18. gr. e verði hugtakið *jafningjaviðskipti* nánar útfært. Viðskiptin geta farið fram beint á milli aðila eða með aðstoð þriðja aðila, t.d. orkusafnara eða sölufyrirtækis, sem veiti tæknilegan og viðskiptalegan vettvang fyrir uppgjörið. Áréttað er að slík viðskipti munu ekki raska öðrum lögbundnum skyldum eða neytendaréttindum viðkomandi aðila. Uppgjör raforku, mælingar og skráning hjá dreifiveitu fara að öðru leyti fram samkvæmt almennum reglum um raforkuviðskipti.

Um 8. gr.

Með greininni er lögð til hækkun á raforkueftirlitsgjaldi. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd raforkueftirlits og er greitt af flutningsfyrirtæki og dreifiveitum.

Raforkueftirlitið þarf meðal annars að hafa eftirlit með því að dreifiveitur hindri ekki rétt þessara nýju aðila til framleiðslu, deilingar og sölu raforku, hafa eftirlit með gjaldskrám dreifiveitna gagnvart þessum hópum og fylgjast með að óréttmætum hindrunum sé rutt úr vegi á markaði.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að mælt verði fyrir um sérstaka reglu í raforkulögum um samþætta umsókn og afgreiðslu virkjunarleyfis og tiltekinna annarra leyfa og heimilda sem virkjunarframkvæmd kann að kalla á.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, nr. 30/2026, var m.a. lögfest almenn heimild Umhverfis- og orkustofnunar til að sameina afgreiðslu leyfisumsókna í eitt leyfi, eftir því sem mögulegt er og hagkvæmt, þegar starfsemi er leyfisskyld á grundvelli fleiri en einna sérlaga á málefnasviði stofnunarinnar. Jafnframt var mælt fyrir um heimild stofnunarinnar til að sameina leyfisveitingu og heimildir sem falla undir valdsvið annarra stjórnvalda, enda sé slíkt heimilt samkvæmt viðkomandi sérlögum. Með ákvæðinu er útfærð nánar sú stefna sem mörkuð var með lögum nr. 30/2026 á sviði raforkulaga. Með því er skýrt að umsókn um virkjunarleyfi skuli vera

farvegur fyrir málsmeðferð vegna þeirra leyfa og heimilda sem helst koma til skoðunar við undirbúning og leyfisveitingu virkjunarframkvæmda. Þar getur m.a. verið um að ræða nýtingarleyfi samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og heimild til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Ákvæðið samræmist jafnframt 15. og 16. gr. RED II en í þeim er byggt á þeirri nálgun að leyfisferli vegna endurnýjanlegrar orku skuli vera gagnsæ, hlutlæg, hófleg og skilvirk. Í 16. gr. tilskipunarinnar er leyfisveitingarferlið skilgreint þannig að það taki til viðeigandi stjórnsýsluleyfa til að byggja, endurnýja og reka endurnýjanleg orkuver, svo og leyfa vegna mannvirkja sem nauðsynleg eru vegna tengingar við raforkunet. Þá er gert ráð fyrir að ríki tilnefni einn eða fleiri viðkomustaði eða tengiliði sem leiðbeini umsækjanda og greiði fyrir leyfisveitingarferlinu. Umsækjanda skal ekki gert að hafa samband við fleiri en einn slíkan viðkomustað meðan á ferlinu stendur. Með ákvæðinu er Umhverfis- og orkustofnun falið hlutverk eins viðkomustaðar gagnvart umsækjanda vegna þeirra leyfa og heimilda sem falla undir samþætta leyfisveitingu. Stofnunin tekur við umsókn, metur hvort hún teljist fullnægjandi til efnislegrar meðferðar, leiðbeinir umsækjanda um nauðsynleg gögn og skilyrði, samræmir málsmeðferð eftir því sem við á og gefur út eitt leyfi séu skilyrði þess uppfyllt. Ákvæðið gengur að þessu leyti lengra en lágmarkskröfur í tilskipuninni þar sem í henni er gert ráð fyrir að leyfisferli geti lokið með einni eða fleiri ákvörðunum ábyrgra stjórnvalda.

Með ákvæðinu er jafnframt lögfestur hámarksfrestur fyrir málsmeðferð Umhverfis- og orkustofnunar vegna umsókna um virkjunarleyfi. Samkvæmt ákvæðinu skal stofnunin innan 30 daga frá móttöku umsóknar staðfesta hvort umsókn teljist fullnægjandi til efnislegrar meðferðar eða tilkynna umsækjanda skriflega hvaða gögn eða upplýsingar skorti. Frestur til afgreiðslu máls hefst þegar Umhverfis- og orkustofnun hefur staðfest móttöku fullnægjandi umsóknar. Með fullnægjandi umsókn er átt við að umsækjandi hafi lagt fram þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru til að stofnunin geti tekið umsókn til efnislegrar meðferðar. Þar undir geta fallið gögn um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu, eftir því sem við á, og upplýsingar um samræmi framkvæmdar við gildandi skipulagsáætlanir þegar slíkt er lögbundið skilyrði leyfisveitingar. Lagt er til að almennur hámarksfrestur til afgreiðslu umsóknar verði 18 mánuðir frá staðfestingu móttöku fullnægjandi umsóknar. Er þar gengið lengra í að stytta afgreiðslutíma en leiðir af 16. gr. RED II sem miðar við tveggja ára hámarksfrest. Þar sem raforkuver með uppsett afl 100 kW eða minna eru undanþegin virkjunarleyfi samkvæmt 4. gr. raforkulaga hefur sérstaki eins árs fresturinn einkum sjálfstæða þýðingu fyrir raforkuver sem fara yfir það mark en eru undir 150 kW, auk endurnýjunar, breytinga og aflaukningar eldri virkjana.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði við lögin nýju ákvæði er vísar til þeirra EES-gerða sem lögin byggjast á. Lögin hafa í gegnum tíðina tekið miklum breytingum við innleiðingu reglna innri markaðarins. Áréttað er að viðfangsefni þessa frumvarps er ekki innleiðing tilskipunar 2005/89/EB eða 2009/72/EB heldur RED II. Þar sem lagt er til, sbr. 3. tölul. þessarar greinar, að setja í lögin innleiðingarákvæði fyrir RED II og þar sem í raforkulögum er ekki að finna ákvæði sem tilgreinir innleiðingu annarra tilskipana er hér lagt til að setja innleiðingarákvæði í lögin fyrir tilskipanir 2005/89//EB og 2009/72/EB samhliða til að bæta úr því og gæta samræmis.

Eins og komið er inn á í 1. kafla er lagt til að tiltekin ákvæði RED II sem varða raforkumarkaðinn, m.a. um notendur endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir og orkusamfélög, verði innleidd í raforkulög, en tilskipunin tekur einnig til annarra sviða, svo sem upprunaábyrgða og eldsneytis, sem lúta öðrum lögum. Því er sérstaklega tekið fram í innleiðingarákvæðinu að tilskipunin sé aðeins innleidd að því leyti sem varði raforkumarkaðinn.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið laganna sem er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Með greininni er lagt til að rýmka gildissvið upprunaábyrgða sem eru þegar fyrir hendi fyrir endurnýjanlega raforku þannig að þær nái yfir einnig yfir endurnýjanlegt gas, svo sem vetni, hitun og kælingu til samræmis við 7. mgr. 19. gr. RED II.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að breyta orðskýringu tveggja töluliða í 2. gr. laganna og bæta þremur nýjum við lögin til samræmis við þær skilgreiningar sem fram koma í RED II.

Með b-lið er lagt til að skilgreining á hugtakinu *upprunaábyrgð* verði færð til samræmis við 2. gr. RED II.

Lagt er til í c-lið að lögfesta skilgreiningu á *endurnýjanlegu gasi.* Hugtakið er víðtækt og nær yfir loftkennt eldsneyti framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. endurnýjanlegt vetni (RFNBOs) og lífmetan.

Hugtakið *samsetning afgangsorku* vísar til árlegrar heildarorkusamsetningar á Íslandi að undanskilinni þeirri hlutdeild sem afskráðar upprunaábyrgðir ná til. Skilgreiningin tengist ákvæði frumvarpsins um meðferð upprunaábyrgða sem fallið hafa úr gildi við útreikning á samsetningu afgangsorku. Tilgangurinn er að tryggja samræmda upplýsingagjöf um uppruna orku og koma í veg fyrir að endurnýjanlegur uppruni sömu orkueiningar sé talinn oftar en einu sinni.

Hugtakinu *umhverfisorka* er bætt við skilgreiningu endurnýjanlegra orkugjafa. Jafnframt er lagt til að hugtakið verði skilgreint til samræmis við 2. gr. RED II. Náttúruleg varmaorka í umhverfinu, sem nýtt er t.d. með varmadælum úr andrúmslofti eða vatni, verður þar með formlega viðurkennd sem sjálfstæður endurnýjanlegur orkugjafi í íslenskum lögum, nái frumvarpið fram að ganga. Rýmkunin tryggir að beiting allrar varmadælutækni til upphitunar og kælingar mun ótvírætt falla undir kerfið.

Um 13. gr.

Ákvæðið felur í sér rýmkun á skilgreiningu upprunaábyrgða, sbr. skýringar við 11. gr. frumvarpsins. Jafnframt eru skilyrði fyrir synjun á viðurkenningu upprunaábyrgðar frá öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins afmörkuð til samræmis við 9. mgr. 19. gr. RED II. Synjun verði því aðeins heimil ef rökstuddur vafi leiki á nákvæmni, áreiðanleika eða sannleiksgildi ábyrgðarinnar.

Um 14. gr.

Með a- og d-lið er lagt til að nota „orku“ í stað „raforku“ á viðeigandi stöðum, sbr. skýringu við 11. og 13. gr. frumvarpsins.

Með b-lið er lagt til að upprunaábyrgðir skuli gefnar út rafrænt í samræmi við kröfur samkvæmt RED II.

Með c-lið er uppfærð vísun í tilskipun svo að vísað sé til RED II í stað RED I um form og efni upprunaábyrgða.

Með e-lið er áréttað að ekki megi gefa út fleiri en eina upprunaábyrgð fyrir sömu orkueiningu og að sama orkueining frá endurnýjanlegum orkugjöfum verði aðeins talin einu sinni við upplýsingagjöf um uppruna orku. Ef raforka er bæði framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og í samvinnslu með góða orkunýtni skal ein og sama upprunaábyrgðin tilgreina báða eiginleika. Ekki verði því gefnar út aðskildar upprunaábyrgðir fyrir hvorn eiginleika sömu raforku. Með þessu eru skýrðar kröfur gerðar um varnir gegn tvítalningu skv. 2. og 8. mgr. 19. gr. RED II. Jafnframt er kveðið á um að tegund upprunaábyrgðar skuli samsvara þeirri orku sem upplýsingagjöfin varðar, sbr. 8. mgr. 19. gr. RED II. Þannig skulu upprunaábyrgðir fyrir raforku notaðar við upplýsingagjöf um raforku, ábyrgðir fyrir gas við upplýsingagjöf um gas og ábyrgðir fyrir hitun eða kælingu við upplýsingagjöf um viðkomandi orku. Tilgangurinn er að tryggja að upplýsingar til viðskiptavina byggist á upprunaábyrgðum sem eiga við um þá orku sem þeim er seld. Þá er með e-lið kveðið á um að sá sem veiti framleiðslu endurnýjanlegrar orku opinberan stuðning skuli tryggja að tekið sé viðeigandi tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgða vegna sömu framleiðslu við ákvörðun um stuðninginn, sbr. 2. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Ekki er áskilið að verðmæti upprunaábyrgða séu í öllum tilvikum dregin sérstaklega frá stuðningsfjárhæð. Tillit til þeirra getur m.a. falist í fyrirkomulagi samkeppnisútboðs eða við ákvörðun stuðningsfjárhæðar.

Með f-lið er lagt til að tvær nýja málsgreinar um samræmd tímamörk og framkvæmd bætist við greinina. Í fyrri málsgreininni kemur fram að upprunaábyrgðir skuli gilda í 12 mánuði frá framleiðslu orkueiningarinnar og að ábyrgðir sem ekki hafi verið afskráðar falli úr gildi eigi síðar en 18 mánuðum frá framleiðslu. Gerður er greinarmunur á afskráningu ábyrgðar vegna notkunar hennar við upplýsingagjöf og því að ónotuð ábyrgð falli úr gildi. Ákvæðin innleiða tímamörk skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. RED II og er ætlað að tryggja gagnsæi og koma í veg fyrir uppsöfnun ónotaðra upprunaábyrgða. Í seinni málsgreininni er kveðið á um að ráðherra skuli í reglugerð mæla fyrir um kröfur varðandi framkvæmd útgáfu, framsal og afskráningu upprunaábyrgða. Þá skuli ráðherra mæla fyrir um rafræna framkvæmd þessara aðgerða, nákvæmni og áreiðanleika upprunaábyrgða, varnir gegn svikum og samræmi við staðla um upprunaábyrgðir. Jafnframt skuli kveða á um meðferð upprunaábyrgða sem fallið hafa úr gildi við útreikning á samsetningu afgangsorku og hvernig skuli taka tillit til markaðsvirðis upprunaábyrgða við veitingu opinbers stuðnings.

Um 15. gr.

Vísað er til skýringa við 11. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Greinin mælir fyrir um breytingar á 6. gr. laganna, sem kveður á um efni og lágmarksupplýsingar sem fram eiga að koma á útgefinni upprunaábyrgð. Breytingarnar eiga rætur að rekja til 7. mgr. 19. gr. RED II.

Í a-lið er lagt til að 1. tölul. nái til ítarlegri upplýsinga um framleiðslueiningu, þ.m.t. upplýsingar um vinnslugetu sem nú er að finna í 4. tölul. Með því að nota orðið „framleiðslueining“ er jafnframt tryggt að undir kerfið falli smærri einingar á borð við varmadælur og sólarsellur. Jafnframt er lagt til að í upprunaábyrgð komi sérstaklega fram upphafs- og lokadagsetning framleiðslu orkunnar í samræmi við a-lið 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

B-liður samsvarar a-lið 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í c- og d-lið er lagt til að í stað orðsins „raforku“ komi „orku“, sbr. skýringu við 11. og 13. gr. frumvarpsins, og í stað „orkuveri“ komi „framleiðslueiningu“, sbr. skýringu við a-lið þessarar greinar. Í e-lið er lagt til að fram komi hvort ábyrgðin varði raforku, gas, þ.m.t. vetni, eða orku til hitunar eða kælingar. Liðurinn samsvarar b-lið 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

F-liður samsvarar f-lið 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar.

Í g- og h-lið er lagt til að nota orðin „orkan“ og „orku“ í stað „raforkan“ og „raforku“, sbr. skýringu við 11. og 13. gr. frumvarpsins.

Í i-lið er lagt til að við bætist nýr töluliður þar sem gerð verði krafa um að tilgreina hvort framleiðslueining hafi hlotið fjárfestingarstuðning og hvort viðkomandi orkueining hafi notið annars stuðnings úr innlendu stuðningskerfi. Þetta er nýmæli sem byggist á d-lið 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Tilgangur kröfunnar er að auka gagnsæi og koma í veg fyrir tvítalningu og að framleiðendur njóti bæði stuðnings frá stuðningskerfi og upprunaábyrgðakerfi.

Að lokum er í j-lið lögð til ný málsgrein sem veitir heimild til að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum vegna framleiðslueininga sem eru minni en 50 kW. Heimildin kemur beint úr 7. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar og er tilgangur hennar að mæta meðalhófssjónarmiðum og lágmarka stjórnsýslubyrði smærri framleiðenda.

Um 17. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna, sem fjallar um viðurkenningu erlendra upprunaábyrgða, í því skyni að laga ákvæðið að 9. og 11. mgr. 19. gr. RED II. Lagt er til að í stað orðsins „raforku“ í a-lið komi „orku“ með vísan til skýringa við 11. og 13. gr. frumvarpsins. Lagt er til í b-lið að vísað verði til RED II sem fellir úr gildi fyrri gerð.

Lagt er til í c-lið að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem mælt verði fyrir um að ekki sé heimilt að viðurkenna upprunaábyrgðir frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðinu nema Evrópusambandið hafi gert samning við það ríki um gagnkvæma viðurkenningu til samræmis við RED II. Málsgreinin byggist á EES-aðlögun í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025.

Í d-lið er lagt til að Landsnet hf. tilkynni synjun um á viðurkenningu upprunaábyrgðar frá öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins til Umhverfis- og orkustofnunar og geri grein fyrir rökstuðningi hennar til samræmis við 9. tölul. 19. gr. RED II.

Um 18. gr.

Vísað er til skýringa við 11. og 13. gr.

Um 19. gr.

Lagt er til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, þar á meðal varðandi útgáfu, framsal, afskráningu og skráningu upprunaábyrgða, upplýsingaskyldu, eftirlit og viðurlög.

Um 20. gr.

Í 10. gr. laganna er mælt fyrir um innleiðingu tilskipunar 2009/28/EB (RED I). Lagt er til að ákvæðið vísi nú einnig til RED II.

Um 21. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt til samræmis við rýmkun á gildissviði þeirra þar sem upprunaábyrgðir munu ekki einungis ná til raforku, verði frumvarpið samþykkt.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að 1. gr. laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, verði endurorðuð og að fyrirsögn greinarinnar verði *Markmið og gildissvið*. Með breytingunni verður markmið laganna skýrara en í gildandi lögum.

Lagt er til að markmið laganna verði að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegs eldsneytis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Með því er lögð áhersla á að lögin þjóni bæði markmiðum um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum og markmiðum um samdrátt í losun. Jafnframt er lagt til að gildissvið laganna verði skýrt, lögin taki til eldsneytis og orku sem notuð er til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Þá verði tekið fram að lögin gildi einnig um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gögn og upplýsingar, rekjanleika, vottun, skráningu og eftirlit vegna eldsneytis sem fellur undir lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Um 23. gr.

Í greininni er lagt til að tilteknum orðskýringum í 2. gr. laganna verði breytt, nýjum orðskýringum verði bætt við greinina, 7.–9. tölul. falli brott og fyrirsögn hennar verði *Orðskýringar.*

Markmið breytinganna er að samræma hugtakanotkun laganna betur við RED II og skapa skýrari lagagrundvöll fyrir framkvæmd reglna um endurnýjanlegt eldsneyti, sjálfbærniviðmið, rekjanleika, vottun og eftirlit.

Lagt er til að gildandi skilgreining á hugtakinu *lífeldsneyti* verði uppfærð til samræmis við 33. tölul. 2. gr. RED II. Samkvæmt RED II tekur hugtakið til fljótandi eldsneytis til flutninga, sem framleitt er úr lífmassa. Gildandi skilgreining laganna tekur hins vegar einnig til eldsneytis í formi gass. Með breytingunni verður gerður skýrari greinarmunur á lífeldsneyti, lífgasi, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti í samræmi við hugtakanotkun RED II.

Jafnframt er lagt til að gildandi skilgreining á hugtakinu *lífmassi* verði uppfærð til samræmis við 24. tölul. 2. gr. RED II. Breytingin felur einkum í sér nánari afmörkun þeirra afurða, úrgangs og leifa af líffræðilegum uppruna sem falla undir hugtakið, m.a. frá landbúnaði, skógrækt og tengdum atvinnugreinum, sjávarútvegi og lagareldi. Hugtakið hefur m.a. þýðingu við beitingu sjálfbærnireglna 29. gr. RED II.

Lagt er til að orðskýringum verði bætt við greinina. Hugtakið *eldsneytisbirgir* kemur fram í 38. tölul. 2. gr. RED II. Við útfærslu hugtaksins er lagt til að eldsneytisbirgir verði sá aðili sem flytur inn eða framleiðir hér á landi eldsneyti og afhendir það á markað. Með þeirri afmörkun er leitast við að tengja skyldur samkvæmt lögunum við þann aðila sem hefur beina aðkomu að innflutningi eða framleiðslu eldsneytis og afhendingu þess á íslenskan markað. Hugtakið hefur einkum þýðingu við afmörkun þeirra aðila sem bera skyldur skv. 3. og 5. gr. laganna og þeim eftirlits- og viðurlagaákvæðum sem tengjast þeim skyldum.

Lagt er til að hugtakið *fljótandi lífeldsneyti* verði skilgreint til samræmis við 32. tölul. 2. gr. RED II. Með því er átt við fljótandi eldsneyti sem framleitt er úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum, þ.m.t. til raforkuframleiðslu, hitunar og kælingar.

Lagt er til að skilgreina hugtakið *gagnagrunnur*. Með því er vísað til gagnagrunns Evrópusambandsins sem notaður er til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skráningu upplýsinga um eldsneyti og draga úr hættu á tvítalningu. Skilgreiningin tengist þeirri skráningarskyldu sem lagt er til að mælt verði fyrir um í nýrri 4. gr. a laganna.

Lagt er til að hugtakið *lífgas* verði skilgreint til samræmis við 28. tölul. 2. gr. RED II sem loftkennt eldsneyti sem framleitt er úr lífmassa. Hugtakið er m.a. notað við afmörkun lágmarksframlags skv. 3. gr. laganna.

Þá er lagt til að hugtakið *lífmassaeldsneyti* verði skilgreint til samræmis við 27. tölul. 2. gr. RED II sem loftkennt eldsneyti og eldsneyti í föstu formi sem framleitt er úr lífmassa. Hugtakið hefur sérstaka þýðingu við framkvæmd sjálfbærni- og losunarsparnaðarreglna 29. gr. RED II, sem ná m.a. til lífmassaeldsneytis.

Lagt er til að hugtakið *massajöfnunarkerfi* verði skilgreint. Slíkt kerfi gerir kleift að blanda saman sendingum hráefna eða eldsneytis með mismunandi sjálfbærnieinkenni, svo lengi sem upplýsingar um einkenni og magn fylgi blöndunni og tryggt er að sama sending sé ekki talin oftar en einu sinni. Jafnframt þarf að tryggja að samanlögð einkenni og magn þess sem tekið er úr kerfinu samsvari því sem sett hefur verið inn í það innan tiltekins tímabils. Með því er unnt að tryggja rekjanleika upplýsinganna án þess að rekja þurfi einstakar efnislegar einingar eftir allri virðiskeðjunni. Nánari reglur um framkvæmd massajöfnunar, þar á meðal um tiltekið tímabil, verða settar í reglugerð.

Jafnframt er lagt til að hugtakið *rekstraraðili* verði skilgreint. Með því er vísað til aðila í virðiskeðju hráefna, milliafurða eða eldsneytis sem hafa umráð yfir slíkum vörum eða bera ábyrgð á upplýsingum um sjálfbærni, uppruna, rekjanleika eða losun. Slíkir aðilar geta m.a. verið framleiðendur hráefnis, söfnunaraðilar úrgangs, vinnsluaðilar, framleiðendur eldsneytis, blöndunaraðilar, geymsluaðilar og viðskiptaaðilar. Skilgreiningin er nauðsynleg þar sem skyldur samkvæmt tilskipuninni geta ekki aðeins hvílt á eldsneytisbirgjum heldur einnig á öðrum aðilum í virðiskeðju eldsneytis.

Loks er lagt til að 7.–9. tölul. greinarinnar falli brott. Í 7. tölul. er hugtakið *söluaðilar eldsneytis* skilgreint með vísan til þeirra aðila sem eru gjaldskyldir til greiðslu kolefnisgjalds. Sú skilgreining verður leyst af hólmi með hugtakinu *eldsneytisbirgir*. Í 8. og 9. tölul. eru skilgreind hugtökin *upprunavottorð endurnýjanlegs eldsneytis* og *viðurkenndir útgefendur upprunavottorða*. Þær skilgreiningar byggjast á eldra fyrirkomulagi laganna um sönnun á uppruna og sjálfbærni eldsneytis. Með breytingum frumvarpsins verður þess í stað byggt á þeim leiðum til sönnunar, vottunar og sannprófunar sem leiða af RED II og nánar verður mælt fyrir um á grundvelli 4. gr. laganna, sbr. skýringu við 25. gr. frumvarpsins. Því er ekki lengur þörf á sérstökum skilgreiningum 8. og 9. tölul.

Um 24. gr.

Með greininni er lagt til að 3. gr. laganna verði endurorðuð til samræmis við þær skyldur sem leiða af 25.–27. gr. RED II um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum. Jafnframt er lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði *Hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum.*

Samkvæmt gildandi lögum ber söluaðilum eldsneytis að tryggja að a.m.k. 5% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi sé endurnýjanlegt eldsneyti. Með RED II er gert ráð fyrir víðtækara kerfi. Skv. 1. mgr. 25. gr. RED II skulu aðildarríki leggja skyldu á eldsneytisbirgja sem tryggir að hlutdeild endurnýjanlegrar orku í endanlegri orkunotkun í samgöngum nái a.m.k. 14% árið 2030 í samræmi við útreikningsreglur 25.–27. gr. Við ákvörðun lágmarkshlutdeildarinnar þarf jafnframt að líta til 26. gr. RED II. Þar er m.a. heimilað, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, að lækka lágmarkshlutdeildina skv. 25. gr. þegar hlutdeild lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis úr matvæla- og fóðurjurtum er takmörkuð undir þeim mörkum sem þar eru tilgreind.

Lagt er til að hver eldsneytisbirgir skuli tryggja að hlutdeild endurnýjanlegrar orku vegna eldsneytis og, eftir því sem við á, raforku sem hann afhendir á markað til notkunar í

samgöngum nemi a.m.k. 5% á almanaksári, reiknuð samkvæmt reglum settum á grundvelli greinarinnar. Með orðalaginu „eftir því sem við á“ er tekið tillit til þess að ekki allir eldsneytisbirgjar afhenda raforku. Ákvæðið felur ekki í sér að raforkusalar teljist almennt eldsneytisbirgjar samkvæmt lögunum. Gildandi 5% lágmark verður þannig áfram lögbundið grunnviðmið, en ráðherra verður skylt að kveða á um stigvaxandi hækkun lágmarkshlutdeildarinnar í samræmi við þær kröfur um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum sem leiðir af tilskipun (ESB) 2018/2001, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn. Ekki er lagt til að 14% viðmiðið verði lögfest sem ófrávíkjanlegt hlutfall, enda leiðir af 26. gr. RED II að við tilteknar aðstæður er heimilt að lækka það. Með þessari útfærslu er jafnframt unnt að taka mið af þeim útreikningsreglum og öðrum skilyrðum sem leiðir af EES-reglum hverju sinni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að aðeins eldsneyti sem uppfylli þau skilyrði 4. gr. sem við eiga megi telja með við útreikning samkvæmt greininni. Ákvæðinu er ætlað að tryggja tengsl skyldunnar skv. 3. gr. við þær kröfur um sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda sem mælt er fyrir um í 4. gr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hvernig fara skuli með eldsneyti sem afhent er af einum eldsneytisbirgja til annars og eldsneyti sem flutt er úr landi. Eldsneyti sem einn eldsneytisbirgir afhendir öðrum er talið hjá viðtakanda en ekki afhendingaraðila við uppgjör samkvæmt greininni. Skyldan tekur ekki til eldsneytis sem flutt er úr landi. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að sama eldsneyti sé talið hjá fleiri en einum eldsneytisbirgi og afmarkað að skyldan taki til eldsneytis sem afhent er á íslenskan markað til notkunar í samgöngum.

Í 4. mgr. er ráðherra falið að ákveða í reglugerð hærri lágmarkshlutdeild en 5% skv. 1. mgr. eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja að þau lágmarksviðmið um hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum sem leiðir af EES-reglum séu uppfyllt. Ráðherra skal jafnframt kveða á um lágmarksframlag lífeldsneytis og lífgass sem framleitt er úr hráefni sem talið er upp í A-hluta IX. viðauka við RED II í samræmi við þau lágmarksviðmið sem leiðir af EES-reglum. Samkvæmt RED II skal framlag slíks lífeldsneytis og lífgass nema a.m.k. 3,5% árið 2030. Með þessu er tryggt að útfærsla skyldunnar taki mið af þeim kröfum og útreikningsreglum sem leiðir af EES-reglum án þess að viðmið til ársins 2030 séu lögfest sem varanleg hlutföll í lögunum.

Í 5. mgr. er ráðherra falið að setja nánari reglur um útreikning hlutdeildar samkvæmt greininni. Útreikningurinn er háður sérstökum reglum samkvæmt RED II, m.a. um hvaða eldsneyti og orka teljast í teljara og nefnara, margföldunarstuðla, meðferð endurnýjanlegrar raforku, hámarkshlutdeild tiltekinna hráefna og meðferð eldsneytis sem afhent er til flugs og siglinga. Við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum á landsvísu þarf jafnframt að taka tillit til raforku sem afhent er til samgangna af öðrum aðilum en eldsneytisbirgjum, í samræmi við útreikningsreglur tilskipunarinnar. Slík talning felur ekki sjálfkrafa í sér að afhending raforkunnar teljist til uppfyllingar skyldu einstakra eldsneytisbirgja. Því er lagt til að ráðherra verði falið að útfæra þessi atriði nánar í reglugerð í samræmi við þær EES-reglur sem gilda hverju sinni.

Í 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að undanþiggja eða gera mismunandi kröfur til tiltekinna eldsneytisbirgja eða orkugjafa að því marki sem EES-reglur heimila, enda sé tryggt að lögbundnum lágmarkshlutdeildum verði náð. Heimildin byggist á því svigrúmi sem RED II veitir til að gera greinarmun á mismunandi eldsneytisbirgjum og orkugjöfum, m.a. með hliðsjón af þróunarstigi og kostnaði mismunandi tækni. Þá er sérstaklega heimilt að undanþiggja þá sem afhenda raforku eða endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna frá sérstakri skyldu vegna eldsneytis sem framleitt er úr hráefni í A-hluta IX. viðauka.

Um 25. gr.

Með greininni er lagt til að 4. gr. laganna verði endurorðuð til samræmis við ákvæði RED II um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika og sannprófun.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skuli, eftir því sem við á, sýna fram á að eldsneyti sem fellur undir lögin uppfylli viðeigandi skilyrði um endurnýjanlegan uppruna, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleika. Skyldan á við þegar tekið er tillit til eldsneytisins við útreikning eða uppgjör skv. 3. gr. laganna, nái frumvarpið fram að ganga, eða öðrum ákvæðum þeirra eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Í 2. mgr. er áréttað að orku úr lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti megi aðeins telja með við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða nota til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra ef sýnt er fram á að viðeigandi sjálfbærniviðmið og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig megi sýna fram á að skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Þar er m.a. vísað til viðurkenndra vottunarkerfa, massajöfnunarkerfa, landsbundinna kerfa og annarra gagna sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi. Við mat á fullnægjandi gögnum ber jafnframt að gæta að reglum RED II um viðurkenningu vottunarkerfa og landsbundinna kerfa. Skv. 9. mgr. 30. gr. RED II er almennt ekki heimilt að krefjast frekari sönnunargagna um þau atriði sem viðurkenning viðkomandi kerfis tekur til. Í 4. mgr. er ráðherra falið að setja nánari reglur um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, massajöfnun, vottun, sannprófun, rekjanleika og önnur atriði sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar viðeigandi EES-reglna.

Um 26. gr.

Lagt er til að nýrri grein, 4. gr. a, verði bætt við lögin, sem kveði á um skráningarskyldu í gagnagrunn. Ákvæðinu er ætlað að setja lagastoð fyrir skráningu upplýsinga í gagnagrunn Evrópusambandsins. Skv. 1. mgr. skulu eldsneytisbirgjar og rekstraraðilar skrá upplýsingar um viðskipti og sjálfbærnieinkenni fljótandi og loftkennds endurnýjanlegs eldsneytis og endurunnins kolefniseldsneytis sem tekið er tillit til við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða notað til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Í sömu málsgrein er jafnframt mælt fyrir um að eldsneytisbirgjar skuli skrá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að kröfum skv. 3. gr. laganna sé fullnægt.

Ábyrgð hvers aðila á skráningu og réttmæti upplýsinga er afmörkuð við upplýsingar sem varða eigin starfsemi hans eða atvik sem eru á hans forræði og þær upplýsingar sem honum er sérstaklega skylt að skrá, afla eða sannreyna. Þegar upplýsingar byggjast á gögnum sem annar aðili í virðiskeðjunni hefur veitt ber sá sem skráir þær ábyrgð á að sannreyna þær og leiðrétta eftir því sem honum er skylt samkvæmt lögunum, verði frumvarpið samþykkt, eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Hann ber ekki ábyrgð á efnislegu réttmæti upplýsinganna umfram þær skyldur.

Í 3. mgr. er lagt til að skráning skv. 1. mgr. skuli, eftir því sem við á, taka til upplýsinga um uppruna hráefna, magn, eiginleika, framleiðsluferli, sjálfbærniviðmið, losun gróðurhúsalofttegunda, vottun, sannprófun og afhendingu á markað. Skráning í gagnagrunn felur ekki sjálfkrafa í sér að eldsneyti teljist sjálfbært. Tilgangur skráningarinnar er að tryggja rekjanleika og gera kleift að sannreyna að eldsneytið uppfylli þau skilyrði sem gilda um uppruna,

sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Með skráningunni er jafnframt unnt að fylgja eldsneytinu eftir í virðiskeðjunni og draga úr hættu á að sama magn sé talið oftar en einu sinni.

Í 4. mgr. er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd skráningarinnar. Stofnuninni verði heimilt að krefjast upplýsinga, gagna, leiðréttinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að sannreyna réttmæti skráninga, rekjanleika, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og að eldsneyti sé ekki talið oftar en einu sinni.

Í 5. mgr. er lagt til að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skráningarskyldunnar, þar á meðal um hvaða aðilar skuli skrá upplýsingar, hvaða upplýsingar skuli skrá, viðskipti og birgðahreyfingar, ábyrgð og verkaskiptingu milli aðila í virðiskeðjunni, kröfur um sannprófun upplýsinga sem berast frá öðrum aðilum, ráðstafanir gegn tvískráningu, skilafresti, leiðréttingar, varðveislu gagna, gagnasnið og tæknilega framkvæmd skráningar.

Um 27. gr.

Með greininni er lagt til að 5. gr. laganna verði endurorðuð til samræmis við breytt fyrirkomulag skyldu eldsneytisbirgja samkvæmt tillögu að nýrri 3. gr. laganna, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að eldsneytisbirgjum verði skylt að gera Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir öllu því eldsneyti sem þeir flytja inn eða framleiða og afhenda á markað til notkunar í samgöngum og raforku sem þeir afhenda til sömu nota. Gögnin skulu sundurliðuð eftir tegund, notkun og viðtakendum að því marki sem nauðsynlegt er til að sannreyna að skyldur skv. 3. og 4. gr. séu uppfylltar. Jafnframt er skýrt að upplýsingaskyldan taki til þess heildarorkumagns sem afhent er og þess orkumagns sem telst endurnýjanlegt við útreikning skv. 3. gr. Með því er tryggt að stofnunin hafi nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða bæði teljara og nefnara við útreikning hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í samgöngum. Breytingin helgast m.a. af því að útreikningur hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í samgöngum byggist á fleiri orkugjöfum og öðrum útreikningsreglum en gildandi ákvæði um hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum á landi.

Upplýsingaskyldan er afmörkuð við þau gögn sem nauðsynleg eru vegna útreiknings, uppgjörs og eftirlits samkvæmt lögunum. Ákvæðinu er því ekki ætlað að mæla fyrir um almenna upplýsingaskyldu vegna eldsneytis sem fellur utan gildissviðs laganna.

Áfram er gert ráð fyrir að endanleg gögn vegna almanaksárs liggi fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok þess. Umhverfis- og orkustofnun verður skv. 2. mgr. jafnframt áfram heimilt að krefjast gagna og upplýsinga oftar á almanaksárinu þegar það er nauðsynlegt vegna eftirlits samkvæmt lögunum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að úrræði 6. gr. geti átt við bæði þegar gögnum eða upplýsingum er ekki skilað innan tilskilins frests og þegar gögn sem berast eru ófullnægjandi. Með breytingunni eru tekin af tvímæli um að ákvæðið nái jafnframt til síðbúinna gagnaskila en ekki eingöngu gagna sem berast innan frests en reynast ófullnægjandi.

Í 4. mgr. er lagt til að ákvæðið um árlegt yfirlit Umhverfis- og orkustofnunar verði aðlagað breyttri skyldu samkvæmt tillögu að nýrri 3. gr. þannig að vísað verði til hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í samgöngum. Jafnframt er skýrt að stofnunin skuli gefa út slíkt yfirlit árlega, eigi síðar en 30. apríl vegna næstliðins almanaksárs.

Um 28. gr.

Með greininni er lagt til að 6. gr. laganna verði endurorðuð í heild. Markmið breytinganna er að laga almenn viðurlaga- og þvingunarúrræði laganna að þeim breytingum á 3.–5. gr. laganna sem lagðar eru til með 24., 25. og 27. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er áfram gert ráð fyrir að Umhverfis- og orkustofnun leggi sekt á eldsneytisbirgi sem ekki uppfyllir skyldu skv. 3. gr. Lagt er til að fjárhæð sektarinnar verði hækkuð úr 4 kr. í 6 kr. fyrir hvert MJ (megajúl) sem vantar til að viðkomandi skylda sé uppfyllt. Sektin reiknast þannig af því orkumagni sem vantar upp á að eldsneytisbirgir uppfylli lögbundna kröfu um hlutdeild endurnýjanlegrar orku, en ekki af heildarmagni þess eldsneytis sem hann hefur afhent á markað. Fjárhæðin hefur verið óbreytt frá setningu laganna árið 2013. Með hliðsjón af verðlagsþróun frá þeim tíma er talið rétt að uppfæra fjárhæðina. Breytingin er landsréttarleg útfærsla á viðurlagakerfi laganna og leiðir ekki sem slík af RED II. Jafnframt er tekið fram að við útreikning sektar vegna fleiri en eins skyldubundins atriðis skv. 3. gr. skuli sama orkumagn ekki talið oftar en einu sinni.

Í 2. mgr. er kveðið á um afleiðingar þess ef þau gögn eða upplýsingar sem rekstraraðili eða eldsneytisbirgir leggur fram nægja ekki til að sýna fram á að skilyrði 4. gr. séu uppfyllt. Umhverfis- og orkustofnun skal þá veita viðkomandi aðila hæfilegan frest til að bæta úr. Verði ekki bætt úr innan frestsins getur það eldsneyti sem um ræðir ekki komið til skoðunar við útreikning á hlutdeild endurnýjanlegrar orku eða verið notað til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum fyrr en sýnt hefur verið fram á að skilyrði 4. gr. séu uppfyllt. Ákvæðið tekur þannig einkum til sönnunar á endurnýjanlegum uppruna, sjálfbærniviðmiðum, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika og vottun. Þótt ekki sé heimilt að telja eldsneytið með sem endurnýjanlega orku hefur það ekki sjálfkrafa áhrif á hvort orkumagn þess telst með í heildarorkumagni við útreikning skv. 3. gr. Um það fer eftir þeim útreikningsreglum sem gilda samkvæmt ákvæðinu.

Í 3. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um viðbrögð þegar lögboðnum gögnum eða upplýsingum er ekki skilað innan tilskilins frests eða þau eru ófullnægjandi. Ákvæðið tekur þannig til þess þegar engum gögnum er skilað, þegar gögn berast eftir tilskilinn frest og þegar framlögð gögn reynast ófullnægjandi. Umhverfis- og orkustofnun skal í slíkum tilvikum senda viðkomandi aðila áskorun um að bæta úr innan hæfilegs frests. Frestur til úrbóta skal að jafnaði ekki vera skemmri en þrjár vikur.

Í 4. mgr. er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt að leggja dagsektir á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem verður ekki við áskorun skv. 3. mgr. Dagsektir geta numið allt að 500.000 kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar skal m.a. líta til eðlis, alvarleika og umfangs vanefnda, þess hversu lengi þær hafa staðið yfir, hvort um ítrekaðar vanefndir er að ræða og fjárhagslegs styrks viðkomandi aðila. Dagsektir eru þvingunarúrræði sem ætlað er að knýja fram úrbætur og er því áskilið að aðila hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að bæta úr.

Í 5. mgr. er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar skv. tillögu að nýrri 4. eða 5. gr. laganna, sbr. 25. og 27. gr. frumvarpsins. Heimildin er afmörkuð við þau tilvik þar sem upplýsingarnar hafa haft áhrif á útreikning eða uppgjör skv. 3. gr. eða, þegar um ásetningsbrot er að ræða, verið veittar í því skyni að hafa slík áhrif.

Með því að láta stjórnvaldssektarheimildina jafnframt ná til upplýsinga skv. 5. gr. er tekið tillit til þess að útreikningur á hlutdeild endurnýjanlegrar orku byggist ekki eingöngu á upplýsingum um sjálfbærni og uppruna eldsneytis heldur einnig á upplýsingum um magn og

orkugildi þess eldsneytis og þeirrar raforku sem afhent er til samgangna. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að ákvarða bæði heildarorkumagn sem tekið er tillit til við útreikninginn og þann hluta orkunnar sem telst endurnýjanlegur. Verulega rangar eða villandi upplýsingar um þessi atriði geta því leitt til þess að hlutdeild endurnýjanlegrar orku sé rangt reiknuð og að eldsneytisbirgir teljist hafa uppfyllt skyldur sínar án þess að skilyrði laganna séu í reynd uppfyllt.

Við ákvörðun sektar skal m.a. líta til alvarleika og umfangs brots, þess hversu lengi það hefur staðið yfir, ítrekunar, fjárhagslegs ávinnings og þess hvort gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta úr brotinu.

Í 6. og 7. mgr. er að meginstefnu byggt á 3. og 4. mgr. gildandi 6. gr. laganna um greiðslu og innheimtu sekta, dráttarvexti, aðfararhæfi og málskot til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvæðin eru aðlöguð þannig að þau taki jafnframt til dagsekta og stjórnvaldssekta samkvæmt hinni endurorðuðu grein.

Um 29. gr.

Með greininni er lagt til að ný 6. gr. a bætist við lögin og taki sérstaklega til vanefnda á skráningarskyldu í gagnagrunn samkvæmt nýrri 4. gr. a, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal Umhverfis- og orkustofnun senda rekstraraðila eða eldsneytisbirgi áskorun um úrbætur ef hann vanrækir skráningu, veitir rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar við skráningu eða sinnir ekki kröfu stofnunarinnar um leiðréttingu, gögn eða skýringar skv. 4. gr. a. Frestur til úrbóta skal að jafnaði ekki vera skemmri en þrjár vikur.

Í 2. mgr. er stofnuninni heimilað að leggja dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, á aðila sem verður ekki við áskorun skv. 1. mgr. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal litið til sömu sjónarmiða og lögð eru til í 4. mgr. 6. gr., sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er stofnuninni heimilað að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar skv. 4. gr. a, enda hafi upplýsingarnar haft veruleg áhrif á útreikning eða uppgjör skv. 3. gr. laganna eða, þegar um ásetningsbrot er að ræða, verið veittar í því skyni að hafa slík áhrif. Stjórnvaldssekt getur numið allt að 10.000.000 kr. Við ákvörðun sektar skal litið til þeirra sjónarmiða sem tilgreind eru í 5. mgr. 6. gr., sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að reglur skv. 6. og 7. mgr. 6. gr., sbr. 28. gr. frumvarpsins, um greiðslu, dráttarvexti, innheimtu, aðfararhæfi og málskot gildi eftir því sem við eigi um ákvarðanir samkvæmt greininni.

Ástæða þess að viðurlög við brotum gegn skráningarskyldu í gagnagrunn eru höfð í sérstakri grein er að gildistaka þeirra á að fara saman við gildistöku sjálfrar skráningarskyldunnar skv. 4. gr. a. Skv. 35. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ákvæði 26. og 29. gr. öðlist gildi samtímis, 30 dögum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku RED III í EES-samninginn hefur öðlast gildi, verði frumvarpið að lögum. Ráðherra skal auglýsa gildistökuna í Stjórnartíðindum með minnst tíu daga fyrirvara. Með þessu er tryggt að ákvæði um viðurlög vegna skráningar í gagnagrunn öðlist ekki gildi fyrr en skráningarskyldan sjálf, án þess að gildistöku almennra viðurlaga- og þvingunarúrræða skv. 6. gr. laganna, sbr. 28. gr. frumvarpsins, sé frestað.

Um 30. gr.

Með greininni er lagt til að 7. gr. laganna verði endurorðuð í heild. Gildandi ákvæði kveður á um skyldu söluaðila eldsneytis til að halda til haga nauðsynlegum upplýsingum svo að Umhverfis- og orkustofnun geti rakið uppruna endurnýjanlegs eldsneytis. Lagt er til að

ákvæðið verði aðlagað þeim víðtæku kröfum um upplýsingar, rekjanleika og sannprófun sem leiðir af frumvarpi þessu.

Samkvæmt ákvæðinu skulu rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar halda til haga þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að skyldur samkvæmt lögunum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra séu uppfylltar. Meðal annars er þar átt við gögn sem nauðsynleg eru til að sannreyna, eftir því sem við á, uppruna eldsneytis, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika og upplýsingar um magn og orkugildi eldsneytis eða orku.

Breytingin tengist m.a. 3. mgr. 30. gr. tilskipunar RED II þar sem gert er ráð fyrir að rekstraraðilar leggi fram áreiðanlegar upplýsingar um hvernig þeir ætli að uppfylla tiltekin sjálfbærni- og losunarsparnaðarviðmið og geti, að beiðni lögbærs stjórnvalds, lagt fram þau gögn sem upplýsingarnar byggjast á.

Ráðherra er jafnframt veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um þau gögn og upplýsingar sem varðveita skal, form þeirra og varðveislutíma. Með því er unnt að samræma nánari kröfur að viðeigandi EES-reglum og þróun reglna um sannprófun, vottun og rekjanleika.

Ákvæðið tekur eingöngu til gagna og upplýsinga sem tengjast skyldum samkvæmt lögum nr. 40/2013 eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Það felur því ekki í sér almenna gagnaöflunar- eða varðveisluskyldu vegna alls eldsneytis eða allra orkugjafa óháð gildissviði laganna.

Um 31. gr.

Með greininni er lagt til að ný grein, 7. gr. a, bætist við lögin og veiti Umhverfis- og orkustofnun sérstaka heimild til gjaldtöku vegna tiltekinna verkefna samkvæmt lögunum. Gjaldtökuheimildin taki til yfirferðar gagna og upplýsinga um sjálfbærni, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleika skv. 4. gr., eftirlits með skráningu skv. 4. gr. a og yfirferðar gagna og upplýsinga skv. 5. gr. Þá taki heimildin til viðbótarvinnu sem leiði af síðbúnum eða ófullnægjandi gagnaskilum.

Ráðherra skal skv. 2. mgr. ákvæðisins setja gjaldskrá, að fengnum tillögum Umhverfis- og orkustofnunar. Gjöld skulu taka mið af kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem gjaldtakan mun taka til og mega ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal byggjast á rekstraráætlun þar sem forsendur gjaldanna eru rökstuddar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er mælt fyrir um að gjöldin megi innheimta með fjárnámi.

Með ákvæðinu er tryggð sérstök lagastoð fyrir gjaldtöku vegna verkefna Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögunum.

Um 32. gr.

Lagt er til að 8. gr. laganna verði endurorðuð þannig að þar verði vísað til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025.

Gildandi ákvæði vísar annars vegar til tilskipunar 2009/28/EB og hins vegar til tilskipunar (ESB) 2015/1513. Tilskipun (ESB) 2018/2001 leysir tilskipun 2009/28/EB af hólmi og með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 er jafnframt gert ráð fyrir að tilskipun 2009/28/EB verði felld brott úr EES-samningnum. Tilvísun til þeirrar tilskipunar er því felld brott.

Tilskipun (ESB) 2015/1513 breytti bæði tilskipun 2009/28/EB og tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis. Með lögum nr. 39/2020 voru í lögum nr. 40/2013 gerðar þær breytingar sem leiddu af breytingum tilskipunar (ESB) 2015/1513 á tilskipun 2009/28/EB. Þau ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/1513 sem breyttu tilskipun 98/70/EB voru hins vegar innleidd á öðrum lagagrundvelli.

Með innleiðingu tilskipunar (ESB) 2018/2001 og umorðuðum ákvæðum laga nr. 40/2013 sem byggðu á tilskipun 2009/28/EB er ekki lengur þörf á sérstakri tilvísun í 8. gr. til tilskipunar (ESB) 2015/1513. Brottfall tilvísunarinnar hefur ekki áhrif á innleiðingu þeirra ákvæða tilskipunar (ESB) 2015/1513 sem varða tilskipun 98/70/EB og eru innleidd á öðrum lagagrundvelli.

Um 33. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða við lögin falli brott. Ákvæðinu var bætt við lögin með lögum nr. 133/2013 og mælir það fyrir um að 6. gr. laganna komi til framkvæmda 1. október 2014. Þar sem það tímamark er liðið er ekki lengur þörf á ákvæðinu.

Um 34. gr.

Í greininni er lagt til að heiti laganna verði breytt og að þau heiti framvegis lög um endurnýjanlegt eldsneyti.

Breytingin er lögð til þar sem gildissvið laganna verður með frumvarpinu ekki lengur bundið með sama hætti við endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Skylda samkvæmt 3. gr. tekur til hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í samgöngum og við framkvæmd hennar getur, eftir því sem við á samkvæmt viðeigandi EES-reglum, verið tekið tillit til fleiri orkugjafa en eldsneytis sem notað er í samgöngum á landi.

Jafnframt taka lögin til sjálfbærniviðmiða, samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika, vottunar og annarra skilyrða vegna lífeldsneytis, fljótandi lífeldsneytis og lífmassaeldsneytis sem fellur undir lögin. Lagaheitið „lög um endurnýjanlegt eldsneyti“ endurspeglar betur efnislegt gildissvið laganna eftir breytingarnar. Breyting á heiti laganna felur ekki í sér að lögin verði almenn lög um endurnýjanlega orku. Að því marki sem raforka eða aðrir orkugjafar koma til álita samkvæmt lögunum ræðst viðfangsefnið af þeim tilteknu skyldum og útreikningsreglum sem mælt er fyrir um í lögunum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Um 35. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna, verði frumvarpið samþykkt, ásamt sérstökum gildistökureglum vegna skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins og viðurlaga sem henni tengjast. Skv. 1. mgr. öðlast lögin þegar gildi, með þeirri undantekningu sem leiðir af 2. mgr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um sérstaka gildistöku 26. og 29. gr. frumvarpsins, sem varða annars vegar skráningarskyldu í gagnagrunn Evrópusambandsins og hins vegar viðurlög og þvingunarúrræði vegna brota gegn þeirri skyldu. Samkvæmt ákvæðinu öðlast greinarnar gildi 30 dögum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunar (ESB) 2023/2413 (RED III) í EES-samninginn hefur öðlast gildi og hún birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Með RED III var nýrri 31. gr. a bætt við tilskipun (ESB) 2018/2001 (RED II), þar sem kveðið er nánar á um gagnagrunn Evrópusambandsins, gildissvið hans og skráningu upplýsinga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli birta auglýsingu í Stjórnartíðindum um gildistöku ákvæða skv. 2. mgr. með minnst tíu daga fyrirvara. Auglýsingin felur ekki í sér sjálfstæða ákvörðun ráðherra um gildistökudag heldur er henni ætlað að tryggja að skráningarskyldir aðilar fái upplýsingar um gildistökuna með hæfilegum fyrirvara. Með 30 daga fresti frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar er jafnframt gert ráð fyrir svigrúmi til birtingar auglýsingarinnar áður en ákvæðin öðlast gildi.

Aðskilnaður viðurlaga skv. 6. gr. og 6. gr. a laga nr. 40/2013 felur í sér að einungis þau úrræði sem sérstaklega tengjast skráningu í gagnagrunn verða háð þessari síðari gildistöku. Almenn úrræði skv. 6. gr., m.a. vegna þess að lögboðnum gögnum er ekki skilað innan frests eða þau eru ófullnægjandi, öðlast gildi við gildistöku laganna.